

# Stigamót



ÁRSSKÝRSLA  
2008

## Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 19. starfsári Stígamóta. Bæði er sagt frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfi og hugmyndafræðinni að baki starfinu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvæg hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynbundins ofbeldis. Um tölulega samantekt sá Ingibjörg Þórðardóttir. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru okkur starfskonum Stígamóta leiðarljós við forgangsröðun pólitískra verkefna.



# Efnisyfirlit

bls.

<b>Stofnun og hugmyndafræði</b>	<b>5</b>
<b>Innra starfið</b>	<b>5</b>
Hugmyndafræðin	5
Skipulag og starfshópur	6
Framkvæmdahópur	6
Fjárhagslegur grundvöllur starfsins	7
Kristínarsjóður	7
Styrkveitingar og fjárframlög	7
Listasýningar í húsnæði Stígamóta	8
8. mars	8
<b>Sjálfs hjálparstarfið</b>	<b>8</b>
Einstaklingsmiðuð ráðgjöf	8
Um sjálfs hjálparhópana	9
Opnir 12 spora fundir	9
Símaþjónusta	9
Þjónusta við konur í vændi	9
Börn og unglingar	10
Samstarf við Krýsuvíkursamtökin	10
Stígamót á staðinn	10
<b>Kreppan og viðbrögð Stígamóta</b>	<b>11</b>
Opíð hús á Stígamótum	11
Töskumarkaður Stígamóta	11
<b>Fræðsla og kynning</b>	<b>12</b>
Fræðsla fyrir skóla og ungt fólk	12
Önnur fræðsla	13
Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum	13
Samskipti við fjölmiðla	13
<b>Samskipti við íslensk stjórnvöld ráðstefnur, fundir og fleira</b>	<b>14</b>
Hugstormun feminista á Stígamógum	15
Jafnréttisviðurkenningar Stígamóta	15
<b>Alþjóðastarf</b>	<b>16</b>
Samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansal	16
Ofbeldisvöktun í European´s Women Lobby	17
Mansalráðstefna Sameinuðu þjóðanna	17
Norrænar konu gegn ofbeldi	18
Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna	18
Equality Now! Mansalshópurinn hittist í North Carolina	18
Aðrar erlendar ráðstefnur og fundir	19
Erlendir gestir á Íslandi	19
Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum	20
Hustormun í Amman	21
<b>Tölulegar upplýsingar</b>	<b>22</b>
Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður	29
Um ofbeldisverkin	32
Kærð mál	42
Fordómar og staðalímyndir	44
Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn	45
Aðstandendur	47



## Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta



Stígamót, Hverfisgötu 115

Hinn 8. mars árið 1989 á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: Barnahópur Kvennaathvarfsins, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, Kvennaráðgjöfin og Vinnuhópur gegn sífjaspellum.

Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum 8. mars 1989. Á fundinum var ákveðið að stofna Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna, sem minnst var á að ofan, var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990.

Nokkrar kenningar eru til um orsakir kynferðisofbeldis. Þær má flokka í þrjá aðalflokka. Fyrst er að nefna sálfræðilegar kenningar þar sem gert er ráð fyrir að skýringa sé að leita hjá einstaklingnum, bæði þeim sem beittur er ofbeldinu og þeim sem fremur það. Í öðru lagi eru fjölskyldukerfiskenningar. Í þeim kenningum er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar, allir fjölskyldumeðlimir eru ábyrgir fyrir ofbeldinu. Loks er að geta kynjafræðilegra kenninga um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun milli karla annars vegar og kvenna og barna hins vegar.

Frá upphafi vega hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, fyrst og fremst karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjasamskipta. Hvaða kona eða barn sem er, á hættu á að vera beitt kynferðisofbeldi.

Við lítum því svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir fórnarlambi sínu. Sú kynferðislega fullnægja sem ofbeldismenn kunna að njóta er nokkurs konar hliðarbúgrein, markmiðið er ávallt að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

## Innra starfið

### Hugmyndafræðin að baki sjálfshjálparstarfinu

Kynjafræðilegar kenningar um kynferðisofbeldi skýra ekki aðeins orsakir þessa ofbeldis, þær marka einnig viðhorf og grunnildi í starfi með þeim sem því hafa verið beitt hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða hópum. Feminísk viðhorf fela í sér þau megin gildi að líta ekki á þá sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.



Vinnan á Stígamótum felst því í að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Jafnframt lítum við svo á að það fólk sem hingað leitar séu „sérfræðingarnir“. Það er að segja; enginn þekkir betur afleiðingar kynferðisofbeldis en sá sem því hefur verið beittur. Við leitumst því við að skapa jafnræðistengsl og nánd milli starfskvenna og þeirra sem leita aðstoðar. Leitast er við að endurspegla þessar hugmyndir í öllu starfi Stígamóta, hvort heldur um er að ræða einstaklingsmiðaða ráðgjöf eða hópastarf.

## Skipulag og starfshópur

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita. Ábyrgð í daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Þó hefur verkaskipting á meðal starfskvenna aukist á síðustu árum.

Starfskonur Stígamóta voru 8 talsins á árinu og hafa aldrei verið fleiri.

Kristbjörg Kristjánsdóttir fór í fæðingarorlof í byrjun árs og var ekki komin aftur til starfa fyrir árslok. Þá var ráðin Karen Linda Eiríksdóttir, fjölskylduráðgjafi. Hún hefur unnið mikið í Bandaríkjunum undanfarið ár, bæði á sviði kynbundins ofbeldis og við fjölskylduráðgjöf. Hún hóf störf 1. mars.



Árshátíð Stígamótakvenna.

Hópurinn nýtur handleiðslu Sæunnar Kjartansdóttur sálgreinis. Auk handleiðslu hennar eiga starfskonur kost á einkahandleiðslu úti í bæ. En fleiri komu að starfi Stígamóta en fastráðnar starfskonur. Nokkur hópur leiðbeinenda starfrækti sjálfshjálparhópana og ýmsir aðrir velunnarar lögðu hönd á plóginn. Um bókhald ársins sá Guðrún I. Bjarnadóttir.

Eins og áður, var lögð áhersla á að styrkja starfshópin og heildina og því gerðu starfskonur eitt og annað saman. Vegna óvæntrar viðurkenningar Equality Now! á haustmánuðum 2007 var ákveðið að starfskonur nýttu þann glaðning til að efla starfið og víkka sjóndeildarhring hópsins í heild. Í lok febrúar 2008 fóru því starfskonur saman í námsferð til New York á kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna þar sem þær voru allar hluti af íslensku sendinefnd fundarins. Ferðin var ómetanleg fyrir hópinn og gátu starfskonur valið milli nokkur hundruð fyrirlestra og tóku þátt í undirbúningi íslensku dagskrárinnar. Þá áttu starfskonur saman mjög góða stundir í “Stóra Eplinu” og óhætt að segja að fátt hafi verið jafn nærandi fyrir hópinn og þessi ferð.

1. apríl tóku starfskonur sig til og fóru hálfan dag í verklegar æfingabúðir hjá Sæunni Kjartansdóttur, þar sem unnið var með samtalstækni og virka hlustun. Þetta reyndist starfskonum öllum mjög gagnlegt. Árshátíð starfskvenna var haldin í maí, um leið og haldið var uppá 10 ára starfsafmæli tveggja starfskvenna. Af því tilefni fór allur hópurinn saman út að borða. Björg Guðrún Gísladóttir átti 10 ára starfsafmæli þann 1. mars og Þórunn Þórarinsdóttir þann 1. maí. Er þeim báðum þakkað fyrir frábær störf síðastliðinn áratug með tilhlökkun um áframhaldandi samstarf. Þá voru árlegir starfsdagar starfskvenna dagana 26. og 27. ágúst þar sem farið var yfir starfið framundan. Þeir voru að þessu sinni haldnir á Stígamótum og gátu starfskonur nýtt þessa daga vel til skipulagningar og hópeflis.

## Framkvæmdahópur

Sérstakur framkvæmdahópur er skipaður fulltrúum leiðbeinenda í sjálfshjálparhópum Stígamóta ásamt fulltrúum starfskvenna og fulltrúa Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdahópur tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sátu á árinu þær Björg Guðrún Gísladóttir sem kom inn í stað Kristbjargar Kristjánsdóttur í lok árs 2007, Guðrún Jónsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Oddný Lára Eiríksdóttir og Theodóra Þórarinsdóttir. Varakonur í framkvæmdahópi voru Kolbrún Erna Pétursdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir.

## Fjárhagslegur grundvöllur starfsins

Tekjur Stígamóta koma frá Félagsmálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg og nokkrum bæjar- og sveitarfélögum. Stígamót náðu, eftir miklar samningaviðræður og án hækkana, að endurnýja þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Í samningnum felst m.a. fræðsla frá Stígamótum fyrir starfsfólk félagsþjónustunnar. Ekki tókst að endurnýja þjónustusamning við Hafnarfjörð á árinu.

Að auki hafa Stígamótum borist veglegir styrkir og framlög. Heildartekjur Stígamóta námu rétt tæplega 55 milljónum og útgjöld námu tæplega 57 milljónum þannig að rekstrarhalli ársins var rúmlega 2 milljónir. Þess má geta að greiðslur úr Kristínarsjóði voru tæplega 700.000 og úr sjóði fyrir „Stígamót á staðinn“ voru greiddar tæpar 4,8 milljónir. Allar nánari upplýsingar um fjárhag Stígamóta má fá í ársreikningi.

## Kristínarsjóður

Stígamót stofnuðu Kristínarsjóð árið 2001 til minningar um látna Stígamótakonu. Sjóðnum er ætlað að fjármagna baráttu Stígamóta gegn vændi. Kristínarsjóður hefur gert kleift að sinna verkefnum sem ella hefðu verið óhugsandi. Margar góðar gjafir hafa borist í sjóðinn. Stærst var gjöf Zontakvenna sem seldu 8000 rósanætur árið 2003 og söfnuðu þannig 3 milljónum króna. Sjóðurinn hefur gert okkur kleift að styðja og styrkja sérstaklega konur í vændi jafnframt því að standa undir fræðslustarfi tengdu þessari birtingarmynd ofbeldis og kvenfyrirlitningar. Það hefur marg oft sýnt sig að sjóðurinn hefur virkilega komið að gagni fyrir okkar konur á ögurstundum en frá því verður ekki greint nánar. Þá hélt Unni Kiil frá Rósaverkefninu í Noregi málþing í húsakynnum Stígamóta þann 5. júní. Þessi heimsókn var kostuð af Kristínarsjóði. Nánar verður fjallað um heimsóknina á öðrum stað í þessari skýrslu.

## Styrkveitingar og viðurkenningar

Það er alltaf hvatning fyrir starfið okkar á Stígamótum þegar við og okkar fólk fáum viðurkenningu á því starfi sem hefur verið unnið í málaflöknum okkar. Árið 2008 var margt sem hvatti okkur áfram í baráttunni.

### Zonta verkefnið

Fyrst ber að nefna að Zonta konur fóru í mikla söfnun fyrir verkefnið „Stígamót á staðinn“ og seldu 10.000 rósanætur af því tilefni. Þetta verkefni var unnið í samvinnu við Guðrúnu Jónsdóttur, talskonu Stígamóta og voru haldnir margir fundir til undirbúnings fyrir verkefnið. Af þessu tilefni gaf Hvíta húsið hönnun auglýsingar sem Stígamót birtu sem heilsíðuauglýsingu í bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Þá var haldin blaðamannafundur þar sem verkefnið var rækilega kynnt. Þar að auki voru fjölmiðlar boðnir sérstaklega á Alþingi þar sem þingmönnum voru seldar Zontarósir. Konur á landsbyggðinni höfðu einnig samband og óskuðu eftir því að fá sendar rósir til að selja á sínum heimaslóðum og Zonta konur stóðu heila helgi í stórmörkuðum og seldu rósir.



Hér eru Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta og Guðrún Hansdóttir frá Zontakonum við athöfnina 19. júní

Afraksturinn stóð ekki á sér og skilaði um 7 milljónum í verkefnið „Stígamót á staðinn“ og var fjármagnið meðal annars notað til þess að koma á fót tilraunaverkefnum á nokkrum stöðum á landinu en nánar verður fjallað um þau á öðrum stað í þessari skýrslu.

Viðurkenning af þessu tagi er algjörlega ómetanleg fyrir starf okkar á Stígamótum og þökkum við Zonta fyrir þennan frábæra stuðning og ekki síst þá viðurkenningu sem felst í verkefni af þessu tagi.

Soroptimistar á Austurlandi styrktu einnig verkefnið „Stígamót á staðinn“ sem nýtt var til kynningar á samstarfi Stígamóta, Fljótsdalshéraðs og Fjarðarbyggðar. Þær skúruðu gólf í fyrirtækum og gáfu launin



af því starfi, 200.000 krónur, til Stígamóta. Var styrkurinn veittur í viðurvist fjölmiðla í fræðsluferð Stígamóta á Austurlandi í byrjun apríl.

Þá voru ýmis félagasamtök og stofnanir sem styrktu starfseminu á árinu og má þar til dæmis nefna að Stígamót fengu um 1,2 milljónir úr Reykjavíkumaraþoni Glitnis. Þar að auki voru margir einstaklingar sem sýndu okkur hlýhug og veittu styrki. Við þökkum öllum þeim sem styrktu okkur á árinu fyrir hvatninguna sem einnig felst í slíkum gjöfum, stórum jafnt sem smáum.

## Listasýningar í húsnæði Stígamóta

Eftir að Stígamót fluttu að Hverfisgötu 115 hefur komist á samstarf við íslenskar listakonur. Úrvals listakonur hafa tekið að sér að taka herbergi í ársfóstur. Þannig hafa sjö listakonur sýnt verk sín í húsakynnum Stígamóta þetta árið. Í stofunni voru listaverk eftir Sossu. Í herbergjunum voru þær Aðalbjörg Þórðardóttir (Abba), Eva G. Sigurðardóttir, Alda Ármanna, Alda Sigurðardóttir, Hrafnhildur Inga og Katrín Guðmunda Einarsdóttir. Listaverkin hafa átt mikilvægan þátt í að skapa fallegt og frjótt umhverfi fyrir starfseminu og eiga listakonurnar heiður og þakkir skilið fyrir framlag sitt til starfsins.

## 8. mars

8. mars er alþjóðlegur baráttudagur kvenna og á þeim degi árið 1990 voru Stígamót stofnuð. Afmælishátíð Stígamóta árið 2008 byrjaði með blaðamannafundi þar sem kynnt var ársskýrsla samtakanna fyrir árið á undan. Eftir hádegið var svo opið hús þar sem boðið var uppá vöffur og heitt súkkulaði. Seinni partinn var opnuð listasýning þar sem listakonur ársins hittust ásamt starfskonum og framkvæmdahópi Stígamóta. Þá bárust okkur blóm, kveðjur og gjafir frá Stígamótafólki og velunnurum.

Helgina 7. og 8. mars seldu Zontakonur 10.000 rósanætur til styrktar verkefninu „Stígamót á staðinn“ og afhendu Stígamótum ágóðann af því við hátíðlega athöfn 19. júní.



Björg Guðrún Gísladóttir og Inga Kjartans hafa það notalegt á afmæli Stígamóta.

## Sjálfs hjálparstarfið

### Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Þegar fólk leitar fyrst til Stígamóta er því boðið upp á einkaviðtöl. Einstaklingsbundinn stuðningur við að ræða ofbeldið, rifja það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins sem og á sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem því eru beittir. Það fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálf ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Margir velja að taka þátt í sjálfs hjálparhópi eftir nokkur einstaklingsviðtöl en aðrir velja eingöngu einstaklingsbundna ráðgjöf. Árið 2008 voru veitt 2080 einstaklingsviðtöl hjá Stígamótum.

Stuðningur og ráðgjöf starfskvenna Stígamóta miðast ekki eingöngu við það fólk sem beitt hefur verið ofbeldinu. Aðstandendur, svo sem foreldrar, makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum óski þeir þess. Árið 2008 leituðu fleiri aðstandandur til Stígamóta en áður hafa gert og er það jákvæð þróun því kynferðisofbeldi hefur áhrif á fleiri en þá sem því eru beittir. Starfskonur Stígamóta veita ekki eingöngu persónulega ráðgjöf í formi viðtala. Umfangsmikið ráðgjafarstarf fer einnig fram, bæði í gegnum síma og tölvupóst.

## Um sjálfshjálparhópana

Frá upphafi starfsemi Stígamóta hafa sjálfshjálparhópar verið kjarninn í starfseminni. Boðið er upp á hópa fyrir konur sem beittar hafa verið sífjaspellum og nauðgunum, einnig hafa nokkrir karlahópar verið starfræktir. Einn karlahópur var á árinu og var honum leiðbeint af karli. Reynslan af hópastarfinu hefur verið mjög góð. Í þessum hópum koma brotapolar saman til að sækja sér styrk til þess að takast á við vandamálin sem rekja má til afleiðinga sífjaspella og nauðgana. Með þátttöku í hópstarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfstyrking. Hóparnir hittast 15 sinnum, í þrjá tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar. Í gegnum árin hafa ýmsar konur leitt sjálfshjálparhópana og árið 2007 bættist fyrsti karlinn í hópinn. Leiðbeinendur ár árinu voru þau Ingibjörg Þórðardóttir, Thelma Ásdísardóttir, Júlíus Freyr Theodórsson, Inga Kjartans, Oddný Lára Eiríksdóttir, Kolbrún Erna Pétursdóttir og Sigríður B. Sigurðardóttir. Alls voru starfræktir 9 sjálfshjálparhópar á árinu. Þar af voru 2 framhaldshópar um sjálfsmynd, sem voru frumraun. Sú tilraun tóks vel upp og mun sú þróun halda áfram. Tveir af hópunum voru haldnir á landsbyggðinni, einn hefðbundinn hópur og einn framhaldshópur.

Nokkrar nýjungar voru í hópastarfinu á árinu. Fyrst er að nefna að starfskona frá Stígamótum sat, sem þögull áhorfandi, einn fund í flestum hópum. Tilgangur þess er að styrkja leiðbeinendur í starfi sínu. Þetta reyndist mjög vel og voru bæði leiðbeinendur og þátttakendur ánægðir með heimsóknina. Annað sem var gert á árinu var að leggja litla könnun fyrir alla þátttakendur í hópunum til að fá ábendingar frá þeim um það hvað er að virka vel í hópastarfinu og hvaða breytingar eða nýjungar mættu koma inn. Þetta kom líka mjög vel út og mikið á þessu að græða fyrir okkur öll, bæði starfskonur og leiðbeinendur. Það var í framhaldi af þessum könnunarblöðum sem ákveðið var að fara af stað með framhaldshópana um sjálfsmynd. Einnig voru hópareglurnar endurskoðaðar í kjölfarið.

Á hverju ári eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur. Að þessu sinni var leiðbeinendanámskeiðið haldið dagana 27. og 28. september á Stígamótum. Að þessu sinni voru það 2 karlar og 14 konur sem tóku þátt. Þátttakendur komu víða að, frá Ísafirði, Akureyri og Reykjavík og var stemmingin mjög góð og skemmtileg. Farið var vel yfir hugmyndafræði Stígamóta og þá sjálfshjálparvinnu sem hóparnir byggjast á. Unnin voru verkefni og gerðar ýmsar skemmtilegar æfingar með áherslu á mörk og það hvernig við setjum mörk í daglegu lífi. Þá var farið sérstaklega í samtalstækni og virka hlustun í hópastarfi.

## Opnir 12 spora fundir

Hópur reyndra Stígamótakvenna endurvakti 12 spora fundina árið 2004 og vann mikla hugmyndavinnu fyrir 12 spora kerfið. Á árinu voru haldnir 51 fundur og skráðar var 186 komur á þá eða tæplega 4 konur á hvern fund. Þessir fundir eru haldnir á miðvikudagskvöldum kl. 20-21 og eru sérstaklega ætlaðir fólki sem býið er að nýta sér aðra þjónustu Stígamóta. Fundirnir eru algjörlega á ábyrgð þeirra sem mæta hverju sinni og má segja að þessi starfsemi sé nýtt og mikilvægt haldreipi í sjálfstyrkingu og stuðningi við það Stígamotafólk sem þegar hefur nýtt önnur úrræði.

## Símapjónusta

Því miður er ekki til nákvæm tölfræðileg úttekt á umfangi og eðli þeirrar símapjónustu sem starfskonur Stígamóta veita. Þó eru að jafnaði mörg stuðningssímtöl á dag alla virka daga ársins. Það má fullyrða að í símaviðtölum berast upplýsingar um mikið og alvarlegt kynferðisofbeldi sem hvergi kemur fram annars staðar. Þess má geta að sérstaklega er starfræktur sími ætlaður konum sem starfa í kynlífsiðnaðinum. Sumar þeirra treysta sér ekki til þess að koma í viðtöl. Fólk á landsbyggðinni notfærir sér einnig þessa leið mikið.

## Þjónusta við konur í vændi

Í kynningum og í pólitísku starfi Stígamóta hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að hvers kyns kaup og sala á fólki í klámiðnaði er ein birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Á Stígamótum hefur það verið sannreynt að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri niðurlægjandi og erfiðu ofbeldisreynslu sem

vændi er. Stígamót auglýsa sérstaka símalínu fyrir fólk í kynlífsþjónustu til þess að undirstrika að hvers kyns verslun með konur er kynferðisofbeldi og að við bjóðum þennan hóp velkominn til okkar.

## Börn og unglingar

Hjá Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað starf með börnum nema mál þeirra hafi hlotið meðferð barnaverndaryfirvalda. Margir foreldrar og aðstandendur hringja þó og leita ráða um hvernig eigi að bregðast við hafi þau grun um að börn þeirra hafi verið beitt kynferðisofbeldi. Þeim er þá ávallt veitt ráðgjöf en bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við Barnahús eða lögreglu. Eftir að mál hafa verið gerð opinber eru börn og unglingar boðin velkomin til Stígamóta.

## Samstarf Stígamóta og Krýsuvíkursamtakanna

Frá því í október 2004 hafa þær Thelma Ásdísardóttir og Þórunn Þórarinsdóttir séð um vikulega ráðgjöf fyrir það fólk sem hefur verið í vímuefnamedferð hjá Krýsuvíkursamtökunum og hefur verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Krýsuvíkursamtökin sjá um að greiða ráðgjöfunum fyrir þessa vinnu. Jafnframt sjá þær stöllum um reglulega fræðslu fyrir heimilisfólk og starfsfólk. Að lokinni meðferð í Krýsuvík er fólk síðan boðin þjónusta Stígamóta og hafa margir nýtt sér það tilboð. Árið 2008 nýttu 13 einstaklingar sér þjónustuna í Krýsuvík, 5 konur og 8 karlar. Alls voru tekin þar 60 viðtöl. Því miður hefur verið gert hlé á þessari þjónustu í Krýsuvík vegna fjárhagsörðugleika þar og hafa ekki verið tekin þar viðtöl frá því í lok sumars. Vonandi verður verkefnið þó endurvakið þegar betur stendur á.

## Stígamót á staðinn

Árið 2006 var samþykkt tilraunaverkefni á Austfjörðum í þrjú mánuði. Um var að ræða samstarfsverkefni Stígamóta, Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar. Þessu verkefni var haldið áfram árið 2007 og 2008. Þá bættust fleiri staðir við sem tilraunaverkefni árið 2008, Vestmannaeyjar, Árborg, Borgarbyggð og Snæfellsbær.

Frá áramótum og fram í lok maí fór Ingibjörg Þórðardóttir reglulegar ferðir á Egilsstaði þar sem hún bæði tók viðtöl og var með hóp. Þá hófust ferðir þangað aftur um miðjan september og voru fram að áramótum, Thelma Ásdísardóttir tók þessar ferðir að sér frá miðjum október og var bæði með viðtöl og framhaldshóp.

Dagana 3. og 4. apríl fóru Ingibjörg, Guðrún Jónsdóttir og Karen Linda Eiríksdóttir í fræðsluferð á Austfirði. Þar var haldin opinn fundur í safnaðarheimilinu í Fellabæ, þar sem Soroptimistar á Austurlandi veittu Stígamótum styrk til starfsins á Austurlandi. Þá fóru þær stöllum með fyrirlestur í Menntaskólann á Egilsstöðum, auk þess að vera með lokaðan fund fyrir fagfólk sem haldinn var á Reyðarfirði. Þá var Ingibjörg með fræðslu 29. maí hjá Starfsendurhæfingu Austurlands.

Á haustmánuðum hófst svo frekari vinna við að koma Stígamótum á fleiri staði á landinu. Fyrsta skrefið var að fara sérstaklega á þá staði sem til stóð að bjóða uppá tilraunaverkefni af þessu tagi. Þeir staðir sem fyrir valinu urðu, voru Suðurland og Vesturland.

Dagana 1. – 4. september var farin kynningarferð um Suðurland. Þangað fóru þau Thelma Ásdísardóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Þórunn Þórarinsdóttir, Inga Kjartans og Júlíus Freyr Theódórsson. Þau byrjuðu ferðalagið í Vestmannaeyjum þar sem haldin var opinn fundur fyrir bæjarbúa, lokaður fundur fyrir fagaðila auk þess sem boðið var uppá fræðslu í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum. Þaðan var förinni svo heitið til Hafnar í Hornafirði en þangað fóru Ingibjörg, Thelma og Júlíus og héldu lokaðan fund fyrir fagfólk, voru með fyrirlestur í lífsleiknitíma íframhaldsskólanum og svo opinn fund um kvöldið. Að lokum fóru þær Thelma, Ingibjörg og Inga Kjartans á Selfoss þar sem einnig var boðið uppá sams konar fundi og svo fræðslu í Fjölbrotarskóla Suðurlands. Á öllum þessum stöðum var verkefninu vel tekið og hófst í framhaldinu undirbúningur að reglulegum ferðum á þessa staði. Í lok september voru svo hafnar ferðir bæði til Vestmannaeyja og í Árborg sem ennþá voru í gangi í árslok.

Thelma Ásdísardóttir hefur séð um starfið í Vestmannaeyjum og Karen Linda Eiríksdóttir hefur farið á Selfoss. Því miður var ekki næg þátttaka í fyrstu atrennu á Höfn svo ekki hafa ennþá verið farnar ferðir þangað.

Dagana 30. september – 1. október var svo farin kynningarferð um Vesturland. Þangað fóru þær Guðrún Jónsdóttir, Þórunn Þórarinsdóttir, Björg Guðrún Gísladóttir og Inga Kjartans. Þar voru haldnir margir fundir og var byrjað á Snæfellsnesinu. Haldinn var fyrirlestur í framhaldsskólanum í Grundarfirði, opinn fundur fyrir alla og lokaður fagfundur í Mettubúð í Ólafsvík. Þá voru fundir í Háskólunum á Bifrost og á Hvanneyri auk þess

sem haldinn var lokaður fundur fagfólks í Borgarnesi og opinn fundur fyrir bæjarbúa. Í framhaldi af þessari ferð hóf Þórunn Þórarinsdóttir reglulegar ferðir á Vesturland, með ráðgjöf bæði í Grundarfirði og í Borgarnesi og var verkefnið ennþá í gangi í árslok.

Það hefur sýnt sig í þessum verkefnum Stígamóta um landið að þörfin er til staðar á landsbyggðinni, rétt eins og á höfuðborgarsvæðinu og þjónustan hefur verið mjög vel nýtt. Vonandi verður framhald á öllum þessum verkefnum.



Fræðsla í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu, Höfn.

## Kreppan og viðbrögð Stígamóta

Eins og alþjóð veit, skall bankahrunið á okkur Íslendingum í byrjun október og við á Stígamótum urðum varar við það eins og allir aðrir. Það er þó þannig að þegar á móti blæs er sókn sterkasta vörnin. Við ákváðum því að finna leiðir til að bregðast með jákvæðum og hvetjandi hætti við þeim ósköpum sem yfir þjóðina gekk.

### Opið hús á Stígamótum

Fyrstu viðbrögð Stígamótakvenna voru að búa til vettvang fyrir umræðu og að lýsa yfir samstöðu á þessum tímum. Í þeim tilgangi var haft opið hús í hádeginu í eina viku eftir bankahrunið. Yfirskrift opna hússins var „Efnahagslegt ofbeldi?“ og var fólk hvatt til þess að koma og ræða saman um málin. Þar var boðið upp á graut og fólk boðið að spjalla saman um það sem því væri efst í huga. Þessi aðgerð vakti mikla athygli og var birt á forsíðu Morgunblaðsins. Þetta kom mjög vel út, var vel sótt og vakti ánægju bæði þeirra sem komu og starfshópsins.

### Töskumarkaður Stígamóta

Annað sem þurfti að takast á við í kjölfar efnahagsþrenginganna var fjárhagurinn. Það hefur alltaf verið hugmyndafræði Stígamóta að besta hjálpin sé hjálp til sjálfshjálpar og nú reyndi á að nýta hugmyndaflæðið til nákvæmlega þess að sækja það sem vantaði, fjármagn, auk þess sem jákvæðni og frumkvæði er aldrei mikilvægara en einmitt þegar þrengir að.

Því var ráðist í það verkefni að halda töskumarkað til styrktar starfi Stígamóta. Auglýst var eftir bæði nýjum og notuðum töskum og það er skemmst frá því að segja að við fengum í kringum 2000 töskur. Hugmyndin var að markaðurinn stæði eina helgi, 13. og 14. desember en vegna mikillar aðsóknar var ákveðið að bæta við einum degi og var markaðurinn því líka opinn laugardaginn 20. desember. Hluti af markaðnum var uppboð á sérstökum töskum, töskum með glaðningi og töskum frá þekktum konum úr samfélaginu. Má þar nefna að forsetafrúin okkar, Dorrit, gaf fimm fallegar, handgerðar töskur. Björk Guðmundsdóttir gaf tösku. „Eurovision“ stjarnan okkar, Silvía Nótt, gaf fjórar töskur. Hanna Birna, borgarstýra, gaf tösku, Gerður Kristný gaf óbirt ljóð sem sett var í tösku og sama gerði Björg Guðrún Gísladóttir. Karla Dögg Karlsdóttir gaf vatnslitamynd sem seld var með tösku. Anna Sigríður Helgadóttir, mezzósópransöngkona gaf einkasöng og tösku.

Kristjana Arngrímsdóttir, söngkona gaf geisladisk og tösku. Guðrún okkar Jónsdóttir, gaf tösku og afmælisköku. Steingrímur J. Sigfússon gaf tösku frá Grænlandi, úr selskinni. Bjargey Ingólfsdóttir, listakona, gaf tvær töskur sem voru um leið listaverk, peningatöskuna og steinatöskuna. Þá voru einnig nokkrar flottar „merkjatöskur“ á uppboðinu. Reddarinn gaf vinnu sína við að smíða borð undir uppboðstöskurnar. Mótás lánaði hillur til að hengja töskur á auk þess að það komu frá þeim tveir starfsmenn sem sáu um flutning, uppsetningu og tiltekt á hillunum. Valitor lánaði posa fyrir greiðslukort. Skjár 1 gaf skjáauglýsingar fyrir markaðinn.



Uppboðstöskur á Stígamótum

Þessu verkefni Stígamóta var mjög vel tekið og gekk vel. Allur ágóðinn, um 700.000 krónur, rann óskiptur til starfsemi Stígamóta þar sem allir sem að verkefninu komu, gáfu vinnu sína, en þeir voru fjölmargir. Ef einhverir sem gáfu vinnu, listaverk eða töskur á uppboðið hafa ekki verið nefndir hér, er beðist velvirðingar á því um leið og öllum þeim sem lögðu verkefninu lið er þakkað kærlega fyrir alla þá aðstoð sem þeir veittu. Án þeirrar samstöðu og samvinnu sem hér hefur verið list, hefði verkefnið aldrei orðið að veruleika.

## Fræðsla og kynning

Annað af tveimur meginmarkmiðum Stígamóta er fræðsla og vitundarvakning um kynbundið ofbeldi. Að venju fór hún fram með ýmsum hætti og verður hér stiklað á stóru. Þess má geta að Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Þórðardóttir sáu að stórum hluta um fræðslumálin á árinu.

### Fræðsla fyrir skóla og ungt fólk

Eitt af því mikilvægara sem við gerum á Stígamótum er að ná til ungs fólks í skólum landsins. Síðastliðið ár voru margir nemar, bæði í framhaldsskólum og háskólum sem óskuðu eftir fræðslu frá Stígamótum. Það er athyglisvert að þegar nemendur sjálfir ráða dagskránni er mjög oft óskað eftir að Stígamót mæti á staðinn.

13. febrúar fór Ingibjörg Þórðardóttir á Lagningadaga hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þann 21. febrúar fór Guðrún Jónsdóttir á Þemadaga í Borgarholtsskóla. 2. maí fór Ingibjörg og talaði við krakka í 9. bekk við sérdeild Hlíðaskóla. Þá kom jafningjafræðslan í heimsókn þann 12. júní þar sem farið var sérstaklega yfir godsagnir og veruleika varðandi nauðganir. Karlahópur Feministafélags Íslands kom í heimsókn þann 17. apríl og fékk ráðgjöf vegna fræðsluverkefnis. 29. júlí kom Nei hópur feministafélagsins í fræðslu fyrir átak sitt um verslunarmannahelgina og 12. ágúst komu þau aftur í nokkur konar handleiðslu á Stígamót þar sem þau fóru yfir reynslu sína og fengu ráðgjöf. Þann 14. október komu sjúkarliðanemar frá Borgarholtsskóla í fræðslu hjá henni Þórunni Þórarinsdóttur á Stígamótum. Hún hitti einnig aðra nemendur úr Borgarholtsskóla þann 18. nóvember. Þá voru einnig deildir í Háskólunum sem komu í vísindaferðir á Stígamóta til að kynna sér starfsemina.

Eins og fyrri ár var mikið um að nemar á háskóla- og framhaldsskólastigi, úr ýmsum greinum óskuðu eftir fræðslu og ráðgjöf vegna verkefna og ritgerða í náminu. Má þar nefna nema úr félagsráðgjöf og lögfræði. Ýmist var um einstaklinga eða hópa að ræða og reyndu starfskonur að sinna þessum þætti eins vel og hægt því þetta er mjög mikilvægur þáttur í starfinu.

Fræðsla til fagstétta sem vinna með börnum er ekki síður mikilvæg og í grunnskólum er nauðsynlegt að kennarar og starfsfólk hafi þekkingu á kynferðisofbeldi og afleiðingum þess. Ingibjörg Þórðardóttir fór í Húsaskóla í Grafarvogi þann 25. september og var þar með fræðslu fyrir kennara og annað starfsfólk skólans. Einnig var þó nokkuð um að fagfólk kæmi í heimsókn til að kynna sér starfsemina og möguleg samstarfsverkefni.



## Önnur fræðsla

23. janúar fékk einn af karlklúbbum Round Table fræðslu um ofbeldismenn. Þann 22. maí komu nokkrar stóllur okkar frá „Støttesenter Mot Incest“ í Osló í heimsókn til að kynna sér starf Stígamóta. Þann 24. júní fór Ingibjörg Þórðardóttir í heimsókn í fangelsið við Kópavogsbraut (Kvennafangelsið) og var með fyrirlestur um kynferðisofbeldi og kynningu á starfi Stígamóta.

Soroptimistar á Íslandi ákváðu að leggja áherslu á mansal í starfi sínu á árinu. Þær óskuðu því eftir fræðslu og ráðgjöf frá Stígamótum og leiddi það til nokkurra funda um málið. Fyrst hitti talskona Stígamóta þær á Stígamótum, síðan fór hún fyrir landsfundarnefnd þeirra, þá fyrir aðalfund Soroptimista og að lokum á Norrænan fund Soroptimista þann 7. júní. Á öllum þessum fundum var talskonan okkar með erindi um mansal.

Að ósk Jafnréttisstofu fór Guðrún Jónsdóttir til Akureyrar og hélt námskeið um ofbeldi fyrir starfsfólk. Í sömu ferð fengu starfskonur Aflsins á Akureyri einnig námskeið hjá Guðrúnu. Í október kom starfsfólk frá Gæsla.is og tveimur hópum og fékk fræðslu um kynbundið ofbeldi. Gæsla.is er fagfélag gæslumanna með það að markmiði að tryggja örugga gæslu á skemmtistöðum og skemmtunum og er það okkur á Stígamótum alltaf ánægja þegar nýjir hópar óska eftir fræðslu um þessi mál. Höndin, alhliða mannúðar- og mannræktarsamtök, hélt fund um ofbeldismál og þar voru Stígamót, meðal annarra, með erindi. Þá óskaði Sjónstöð Íslands eftir fræðslu fyrir sitt starfsfólk og sá Guðrún Jónsdóttir um hana.



Guðrún Jónsdóttir ásamt starfsfólki Jafnréttisstofu

Mögulegt er að ekki hafi allir þeir sem óskuðu eftir fræðslu verið taldir hér upp og ef svo er, er beðist velvirðingar á því um leið og ítrekað er að fræðsla um kynbundið ofbeldi er mjög mikilvægur þáttur í starfi Stígamóta og starfskonur verða því seint þreyttar á því að fara og kynna starfseminu og eðli ofbeldisins fyrir öllum þeim sem það vilja.

## Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum

Sú venja hefur skapast á undanförunum árum að bjóða til Stígamóta því lykilfólki sem þótt hefur ástæða til að ná sambandi við. Þá er starfsemin kynnt lítillega, boðið uppá kaffi og með því og síðan rætt sérstaklega um þau málefni sem brýnust eru hverju sinni. Undantekningalaust hafa slík boð skilað auknum skilningi og bættu samstarfi. Til stóð að fá þingmenn í eftirmiðdagskaffi í október, og hafði þeim verið sent boð, en vegna kreppeástands í samfélaginu var ákveðið að fresta því fram yfir áramót.

## Samskipti við fjölmiðla

Að venju var leitast við að eiga gott samstarf við fjölmiðla. Engir samstarfsaðilar eru mikilvægari þegar kemur að fræðslu og vitundarvakningu í samfélaginu. Fjölmiðlar hafa á undanförunum árum sýnt aukinn skilning á málaflöknum og Stígamót voru til umræðu á öllum fjölmiðlum í ólíku samhengi. Má þar meðal annars nefna blaðamannafund vegna ársskýrslu Stígamóta 8. mars og söfnun Zontakvenna sem einnig tengdist 8. mars. Þá var viðtal við talskonu Stígamóta vegna nálgunarbanns í ágúst. Viðtöl voru tekin í tengslum við jafnréttisviðurkenningar Stígamóta. Þá komu fjölmiðlar á vettvang þegar Kvenréttindafélag Íslands stóð fyrir því að skálað var fyrir vændislögum Norðmanna. Nokkur viðtöl voru tekin í tengslum við Töskudagana. Þá var talskonan okkar í útvarpsþætti Agnetu Kjellgen í Svíþjóð og í viðtali við Klassekampen í Noregi um krepuna og Stígamót.

## Samskiptir við íslensk stjórnvöld, ráðstefnur, fundir og fleira

Mikilvægur þáttur í samfélagsvinnu Stígamóta er samstarf við stjórnmalafólk. Þau samskipti fara fram með ýmsum hætti. Umsagnir voru skrifaðar um frumvörp sem fram komu innan okkar málaflökk. Þá höfðu einstakir þingmenn samband vegna málatilbúnaðar. Thelma Ásdísardóttir fór á fund hjá Félagsmálaráðuneytinu vegna aðgerðaráætlunar um forvarnir gegn ofbeldi gegn börnum og talaði þar um þær áherslur sem Stígamót vilja sjá í þeim málaflökki. Þann 4. febrúar fór hún svo á kynningu á þessum málum hjá Barnaverndarstofu þar sem aðilar úr ýmsum ráðuneytum voru viðstaddir.

Samvinna var á milli félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og Stígamóta á árinu. Í fyrsta lagi var Júlía Sæmundsdóttir, félagsráðgjafarnemi á 4. ári, í starfsnámi hjá Guðrúnu Jónsdóttur á vormisseri. Þá fór Guðrún einnig í kennslu í deildinni. Þar fjallaði hún annars vegar um áhrif ofbeldis í parsamböndum á börn og hins vegar um ofbeldi í parsamböndum.

Þann 23. janúar héldu „Alla heimsins konur“ ráðstefnu á Grandhótel þar sem talskona Stígamóta var með erindi undir nafninu „Í dagsljósið með loðið, óljóst og falið mansal“.

Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi á Barnaverndarstofu, kom í heimsókn á Stígamót 13. febrúar þar sem hún fór yfir barnavernd og þá sérstaklega tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum í starfi sínu. Það er alltaf mikilvægt að skerpa á þessum þætti í starfsemi.

Árlegur fundur var haldinn 15. febrúar með Brad Evans, stjórnmaláerindreka Bandaríka sendiráðsins, og Axel Egilssyni vegna skýrslu Bandaríkjastjórnar um alþjóðleg mannréttindi, þar á meðal mansalsmál.

Sama dag var Stígamótum boðið á opnun Þekkingarseturs Styrktarfélags vangefinna um félagstengsl og kynimynd.

Þann 23. apríl fóru starfskonur í heimsókn á Neyðarmóttöku vegna nauðgana og kynntu sér það mikilvæga starf sem þar fer fram.

Ráðstefna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum var haldin á vegum Blátt áfram dagana 15. og 16. maí. Þar voru ýmsir erlendir sérfræðingar og höfðu þeir margt gott fram að færa. Fyrir hönd Stígamóta mættu Ingibjörg Þórðardóttir og Karen Linda Eiríksdóttir á ráðstefnuna.

Dagana 18. – 21. maí var haldin ráðstefna Norræna félagsins gegn illri meðferð á börnum, í samvinnu við Barnaverndarstofu. Þar voru bæði íslenskir og erlendir sérfræðingar í barnavernd og ofbeldi gegn börnum. Thelma Ásdísardóttir og Ingibjörg Þórðardóttir mættu á ráðstefnuna fyrir hönd Stígamóta.

Lögreglan á Íslandi sýndi jákvætt frumkvæði í mansalsmálum. Þann 10. og 11. júní komu til landsins vararíkislögrelustjórinn í Noregi, formaður lögregluteymisins sem vinnur að rannsókn mansalsmála og Birgitte Ellefsen sem heldur utan um mansalsverkefni Norðmanna. Haldinn var dagslangur fundur með erindum og umræðum fyrir fagfólk úr ýmsum greinum og var fundinum stýrt af Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Á þetta málþing lögreglunnar mættu nokkrar starfskonur Stígamóta.

Þann 23. september fór Ingibjörg Þórðardóttir í móttöku hjá Vöknun, þar sem kynnt var tilgangur og starfsemi Vöknunar.

Á árinu voru gefnir út tvenns konar bæklingar. Annars vegar var gefin út nokkuð ítarlegur bæklingur á ensku og hins vegar styttri bæklingur á nokkrum tungumálum; pólsku, spænsku, íslensku, ensku, tælensku og rússnesku. Í haust komu svo í heimsókn túlkar frá Alþjóðahúsi til að ræða samstarf og tálkaþjónustu í ljósi þess að Stígamót gáfu út bæklinginn á fimm tungumálum. Er það gert í viðleitni okkar til að ná til fólks af erlendum uppruna, sem við höfum ekki náð nægilega vel til áður.

Þann 28. október fór Thelma Ásdísardóttir á fund fagaðila á Stuðlum til að kynna starfsemi Stígamóta og ræða mögulegt samstarf.

Talskona Stígamóta bar vitni í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Ásgeirs Davíðssonar, eiganda Goldfingers, á hendur blaðamönnun Mannlífs.

Ný jafnréttislög gerðu ráð fyrir að Stígamót og Kvennaathvarfið eigi sameiginlegan fulltrúa í Jafnréttisráði. Guðrún Jónsdóttir situr í ráðinu nú fyrir hönd samtakanna beggja og er Sigbrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdarstýra Kvennaathvarfsins, varakona í ráðinu. Meginverkefni ráðsins eru að halda Jafnréttisþing og að veita jafnréttisverðlaun ráðsins auk þess að standa vaktina í jafnréttismálum almennt. Þess má geta að mjög skiptar skoðanir voru innan ráðsins um afhendingu jafnréttisverðlauna. Það varð ofan á að Alcoa Fjarðaráll hlaut verðlaun ársins gegn atkvæðum nokkurra ráðsmanna, meðal annars fulltrúa Stígamóta. Til þess að bregðast við ákváðu Stígamót að sýna í verki eigið verðmætamat á vel unnum störfum innan málaflokksins og veittu síðar á árinu eigin jafnréttisviðurkenningar.

Talskona Stígamóta var skipuð í vinnuhóp Félagsmálaráðuneytisins til þess að skrifa aðgerðaáætlun gegn mansali. Skipun hópsins var mikið gleðiefni á Stígamótum eftir þrotlausa baráttu fyrir því að mansal á Íslandi fengi verðskuldaða athygli og að brugðist yrði við því. Hópnun var ætlað að skila af sér niðurstöðum fyrir lok apríl en vinnan gekk mun hægar en áætlað var og voru niðurstöður ekki komnar í árslok.

Þá las Guðrún Jónsdóttir yfir handrit að tveimur bókum um ofbeldi. Annars vegar fyrir Ingólf V. Gíslason og hins vegar fyrir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann.

Þann 21. nóvember stóð Kvenréttindafélag Íslands fyrir því að skálað var fyrir Norðmönnum við norska sendiráðið. Tilefnið var að kvöldið áður höfðu Norðmenn samþykkt bann við kaupum á vændi. Noregur er annað landið sem fer þessa leið í en íslensk kvannahreyfing hefur barist fyrir sömu aðferð í heilan áratug. Stígamótakonur tóku að sjálfsögðu þátt í þessari gleði.

## Hugstormun feminista á Stígamótum



Þann 24. október, á Kvennafrídaginn, var boðað til fundar í neðanjarðarhreyfingu feminista og var hann haldinn í húsakynnum Stígamóta. Þar hittust feministar, skiptust á hugmyndum um aðgerðir og áherslur á þessum erfiðu tímum sem þjóðin gengur nú í gegnum. Það er óhætt að segja að þarna hafi verið kraftmikill og skemmtilegur fundur á ferðinni.

## Jafnréttisviðurkenningar Stígamóta

Þann 21. nóvember fór fram afhending fyrstu jafnréttisviðurkenninga Stígamóta. Það er löngu tímabært að sýna í verki þakklæti fyrir allt það starf sem unnið er til þess að koma á raunverulegu jafnrétti kynjanna á Íslandi. Slíkar viðurkenningar eru líka leið til þess að koma á framfæri verðmætamati Stígamóta. Þennan dag lyftum við upp í dagsljósið konum sem unnið hafa mikilvæg störf oftast án þess að eftir því sé tekið. Á næstu síðu má sjá yfirlit yfir viðurkenningarnar og fyrir hvað þær eru veittar.



Viðurkenningarhafar

### **Margrét Steinarsdóttir**

*Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2008*

Fyrir langt og óeigingjarnt starf í þágu Stígamóta. Fyrir að hafa alla tíð verið boðin og búin til liðsinnis. Fyrir að hafa oft tekið að sér vandasöm verk eins og lögræðilega ráðgjöf, fræðslu, peningagæslu, nefndarstörf og ýmislegt fleira. Ekki þó síst fyrir fyndni, greind, þægilega nærveru og órjúfánlega tryggð við starfsemina.

### **Kolbrún Halldórsdóttir**

*Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2008*

Fyrir að hafa flutt mörg mikilvæg þingmál tengd kynbundnu ofbeldi. Fyrir að hafa þrautseigju og hugrekki til þess að fylgja þeim eftir þrátt fyrir illskiljanlegan mótbyr. Fyrir að hafa verið óþreytandi ótul í að flytja boðskap og hugmyndafræði Stígamóta inn í þingsal. Fyrir að hafa tekið að sér ýmis verkefni fyrir Stígamót í baráttunni gegn mansali. Fyrir að vera alltaf í liði með okkur.

### **Katrín Anna Guðmundsdóttir**

*Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2008*

Fyrir að vera óþreytandi talskona feminisma á Íslandi. Fyrir ótal mikilvæga pistla um málefni kynjanna. Fyrir þekkingu, visku og hugrekki. Fyrir að ganga á undan og teygja mörk hins leyfilega í baráttunni fyrir réttlátara þjóðfélagi og auka þannig rými okkar hinna.

### **Matthildur Helgadóttir**

*Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2008*

Fyrir að hafa fengið snilldarhugmynd vestur á Ísafirði og hrint henni í framkvæmd með hjálp góðs fólks. Aðgerðin “Óbeisluð fegurð” hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim og Stígamótakonur eru stoltar af skemmtilegu samstarfi við kvenskörunginn í alþjóðasamhengi. Fyrir að leggja þung lóð á vogarskálarnar til þess að sýna fram á afkárleika þröngra staðalímynnda kynjanna. Fyrir að hafa nýtt fyndni og frumlega hugsun sem eru beitt verkfæri í baráttunni fyrir réttlátara samfélagi og vera þannig hvatning fyrir okkur öll.

### **Þorgerður Einarsdóttir**

*Jafnréttisviðurkenning Stígamóta árið 2008*

Fyrir að gegna ómetanlegu uppeldishlutverki fyrir fræðifólk framtíðarinnar. Fyrir einstaka þekkingu og færni í að beita hinu mikilvæga verkfæri kynjafræði í baráttunni fyrir réttlátu samfélagi. Fyrir að hafa verið óþreytandi við að miðla færni sinni til annarra. Fyrir örlæti, velvilja og hlýju. Fyrir að hafa alltaf veitt stuðning og ráð þegar á hefur þurft að halda.

## **Alþjóðastarf**

Það þarf ekki að taka fram hversu mikilvægt það er fyrir faglegt starf Stígamóta að vera í góðu sambandi við umheiminn. Það er grundvallaratriði að fylgjast vel með á alþjóða-vettvangi. Alþjóðlegt samstarf kvennahreyfinga hefur aukist á undanförunum árum í kjölfar alþjóða-væðingar. Þá er nauðsynlegt að nefna að alþjóðlega skipulögð glæpastarfsemi nær meðal annars til mansals kvenna í klámiðnaði. Mansal verður ekki upprætt nema með sasmstilltu átaki þvert á öll landamæri.

## **Samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansal**

Verkefnið snýst um samstarf Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna um stuðning, vernd, örugga heimferð og endurhæfingu fyrir konur sem seldar hafa verið mansali. Hugmyndin var að innan hvers lands yrði komið á laggirnar samstarfsteymi allra þeirra aðila sem að mansalsmálum kæmu til þess að tryggja að hugsanlegum förnarlömbum mansals yrði mætt á eins faglegan hátt og unnt er. Síðan yrði vinnan samhæfð meðal aðildarlandanna og loks yrði vinnulagið yfirfært á allt Evrópusambandið. Dagana 14. – 17. maí var fundur hjá teyminu í Tallinn í Eistlandi og var á þeim fundi farið yfir mögulega fjármögnun framtíðarsamstarfs og haldin erindi um stöðuna í hverju landi fyrir sig. Guðrún Jónsdóttir var þátttakandi í þessu teymi fyrir hönd Stígamóta. Þetta verkefni var í gangi í þrjú ár og lauk því á árinu með útgáfu skýrslu og lokafundi sem haldinn var í Brussel um miðjan október.

## Ofbeldisvöktun í European Women's Lobby (EWL)

Í mörg ár hefur verið frjótt samstarf á milli Stígamóta og European Women's Lobby sem eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfinga innan Evrópusambandsins. Má nefna að EWL halda utan um samstarfsverkefni Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um mansalsmál og áttu mikinn þátt í að ENATW verkefnið komst á. Í báðum þessum verkefnum skipti starf Stígamóta miklu máli. Á vegum EWL er starfandi sérfræðingahópur sem kallast The EWL Observatory on Violence against Women (ofbeldisvöktunin). Í hópunum eru 30 sérfræðingar frá jafnmörgum Evrópulöndum og fyrir hönd Stígamóta hefur Guðrún Jónsdóttir tekið sæti í nefndinni.

Markmið þessa sérfræðingahóps er:

- Að fylgjast með þróuninni innan málaflokksins
- Bæta þjónustu, fyrirbyggjandi aðgerðir og varnir fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi af hálfu karla
- Vera tengiliður ólíkra hópa sem vinna gegn ofbeldi
- Vitundarvakning og að halda til haga umfangi ofbeldis
- Að hafa vakandi auga með staðbundinni, svæðisbundinni, þjóðfélagslegri og Evrópskri þróun innan málaflokksins. Benda bæði á framfarir og mögulegt bakslag og halda til haga tölfræði og öðrum gögnum.
- Að berjast fyrir því á alþjóðavettvangi, Evrópuvettvangi og í eigin landi að umburðarlyndi fyrir ofbeldi verði ekkert.

## Mansalsráðstefna Sameinuðu þjóðanna

(Global Initiative to Fight Human Trafficking, UN.GIFT)

Dagana 13. til 15. febrúar 2008 héldu Sameinuðu þjóðirnar 1600 manna ráðstefnu um mansal í Vín í Austurríki. Dóra fór til Vínarborgar fyrir hönd Stígamóta.

Yfirlýstur ásetningur UN.GIFT er að vinna að því að útrýma mansali með því að (i) bæði draga úr varnarleysi líklegra fórnarlamba mansals og draga úr eftirspurninni; (ii) tryggja viðunandi vernd og stuðning fyrir þá sem verða fórnarlömb mansals, og (iii) stuðla að því að glæpamenn verði sóttir til saka og sjá til þess að mannréttindi séu virt.

Þema ráðstefnunnar var; Varnarleysi, áhrif, aðgerðir. *Vulnerability, Impact, Action.*

Til að ná þessum markmiðum mun UN.GIFT auka þekkingu og vitund um mansal; stuðla að virkum réttindamiðuðum viðbrögðum; byggja upp getu allra þátttakenda, bæði á sviði ríkisstjórna og félagsamtaka og styrkja samvinnu milli aðila til að berjast gegn mansali.

Antonio Maria Costa, framkvæmdastjóri UNODC, Suzanna Barak, forsætisráðherrafrú Egyptalands ásamt Ursulu Plassnik, Evrópu- og utanríkisráðherra Austurríkis opnuðu ráðstefnuna. Á opnuninni sagði breska leikkonan Emma Thompson frá innsetningu sem vakti mikla athygli þegar hún var sett upp í London í fyrra haust. Emma er í forsvari fyrir samtökin *Helen Bamber Foundation* sem berjast gegn mannréttindabrotum. Emma kynntist ungru konu sem hafði verið flutt á fölskum forsendum til Englands og neydd til að stunda vændi. Innsetningin var röð af gámum sem nokkrir listamenn innréttuðu sem vændishús til að sýna hroðalegar aðstæður þeirra kvenna sem eru seldar í vændi og gestir gátu gengið þar um. Innsetningin heitir *The Journey*. Þessi innsetning var síðan opnuð í Vín í tengslum við ráðstefnuna. Það var úr miklu að velja á svo stórra ráðstefnu. Í stórum dráttum viðist niðurstaðan vera sú að Sameinuðu þjóðirnar eru nú að beina kastljósi að þessum gríðarlega viðamiklu verkefnum og þó að kvennahreyfingum sé sérlega umhugað um mansal á konum og börnum í kynferðislegum tilgangi þá er vettvangur Sameinuðu þjóðanna miklu víðari. Þar má nefna líffæraþjófnað, vinnuþrælkun og barnaþrælkun. Þarna var líka lögð áhersla á ábyrgð atvinnurekenda, að þeir séu meðvitaðir um aðstæður vinnandi fólks sem framleiðir vörur fyrir þá, oft í fjarlægum heimshlutum. Það var lögð mikil áhersla á nauðsyn rannsókna á öllum sviðum því það er svo lítið vitað hvert umfang mansals raunverulega er, til dæmis rannsóknir á því hvers konar stuðningur kemur sér best fyrir fórnarlömb mansals. Kvikmyndir um mansal voru sýndar víða í Vín í tengslum við ráðstefnuna.

Þá var komið að lokadagskránni. Eftir ræðuhöldin kom Ruslana, söngkonan frá Úkraínu sem vann "Eurovision" fyrir nokkrum árum, og flutti nýja lagið sitt, *Not for Sale*, en það er tileinkað átaki UN.GIFT í þessu baráttumáli.



## Norrænar konur gegn ofbeldi

Að þessu sinni var ráðstefna norrænna kvennasamtaka haldin dagana 5. – 7. september í Stokkhólmi í Svíþjóð. Fyrir hönd Stígamóta fóru þær Guðrún Jónsdóttir og Karen Linda Eiríksdóttir. Guðrún hélt erindi á ráðstefnunni um stöðu mála á Íslandi undir yfirskriftinni „Lokum búðunum“. Á ráðstefnunni var samþykkt ályktun um íslensku leiðina gegn klámiðnaðinum sem felst í því að loka klámstöðunum og var skorað á íslensk stjórnvöld að afnema undanþáguákvæði laga um nektardans á skemmtistöðum.

Auk starfskvenna Stígamóta fór Matthildur Jónu- og Helgadóttir einnig á ráðstefnuna og fékkst farareyri fyrir hana frá Utanríkisráðuneytinu. Matthildur hélt málstofu um „Óbeislaða fegurð“ en hún stóð fyrir óhefðbundinni fegurðarsamkeppni á Vestfjörðum sem bar sama heiti.

Áhersla ráðstefnunnar þetta árið var úttekt á sænsku „kvinnofrid“ lögunum og varmetaðsókn á hana, um 450 konur. Undirbúningsfundur fyrir næstu ráðstefnu var svo í Kaupmannahöfn í byrjun desember en hún verður haldin í Danmörku árið 2009.



Matthildur, Karen og Guðrún á ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold í Svíþjóð.

## Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna



Frá íslensku dagskránni..

Í New York. Undanfarin fjögur ár hefur Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, átt sæti í íslensku sendinefndinni til kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna og um leið tekið þátt í fundum alþjóðlegu kvannahreyfingarinnar og flutt nokkur erindi um starfið á Íslandi. Að þessu stinni stóð Guðrún, ásamt fleirum, fyrir dagskrá á fundinum undir yfirskriftinni „Growth, power and fun“. Dagskráin var opnuð af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra og fundarstýra var Ásta R. Jóhannesdóttir, núverandi félagsmálaráðherra. Þar ræddi Margrét Steinarsdóttir, meðlimur í framkvæmdahópi Stígamóta og lögfræðingur Alþjóðahúss, um „Growth“ og sagði þar

frá „Öllum heimsins konum“. Guðrún sagði frá valdeflingunni sem dafnar í gróðrastöðinni Stígamótum. Að lokum var Matthildur Jónu- og Helgadóttir með erindi um „Óbeislaða fegurð“ og sýndi búið úr heimildamynd um verkefnið. Íslenska dagskráin vakti mikla athygli og ánægju viðstaddra og var hún vel sótt. Þá voru sýndar Karlanærbuxur Stígamóta, sem vöktu jákvæð viðbrögð gesta, auk þess sem gefin var kostur á að kaupa mynd Stígamóta „Ekkert stoppar Stígamót“.

Á sama tíma og Kvennanefndarfundurinn var í byggingu Sameinuðu þjóðanna hittust konur alls staðar að úr heiminum og voru með nokkurs konar hliðardagskrá í næsta húsi. Sú dagskrá var skipulögð af kvannahreyfingum og var opin öllum.

## Equality Now! Mansalshópurinn hittist í North Carolina

Dagana 4. – 8. nóvember var viðurkenningarhöfum alþjóðasamtakanna Equality Now! boðið heim til Bonnie Scheifer og Jamie sambýliskonu hennar að Blowing Rock í North Carolina. Fundurinn var haldinn daginn eftir forsetakosningarnar. Konurnar voru almennt æpandi af ánægju með úrslitin og ósofnar eftir kosningavökur. Allar ræddu þær um að sigurinn væri mun stærri en sem nemur þessum kosningum. Þetta væri sigur grasrótarnnar og mannréttindahreyfinga. Taina, sem er svört, sagðist vel muna eftir því þegar hundum var sigað á svart fólk í hennar heimaríki og sagðist ekki hafa trú að því að hún myndi upplifa slíka uppreisn æru. Það er augljóslega mikilvægara hvaða kynþætti kona er af en að vera kona.

Til fundarins komu konur frá Indlandi, Perú, Zambíu, Lettlandi, Brasilíu, Kenýa og frá Stígamótum á Íslandi. Að auki voru þekktir rithöfundar og kvikmyndagerðarkona á fundinum ásamt Glóriu Steinem. Allar héldu erindi um ástandið í eigin löndum og það var skrifuð ályktun um athyglisverða leið íslenskra stjórnvalda gegn klámiðnaði. Leiðina sem felst í því að loka búðunum með konur, nefnilega klámstöðunum. Í annað skiptið á árinu var skorað á íslensk stjórnvöld að klára verkið og afhema undanþáguákvæðið.

Í tengslum við fundin var haldin sérstök sýning á myndinni Trade sem Equality now! tók þátt í að framleiða. Um 300-400 manns mættu á sýninguna og á eftir voru spurningar og svör. Stígamótafulltrúinn sat í pallborði ásamt þremur öðrum konum og Gloría Steinem stjórnaði umræðunum.

## Aðrar erlendar ráðstefnur og fundir

Dagana 20. – 23. apríl var haldinn sérfræðingafundur hjá Evrópuráðinu vegna átaksverkefnis ráðsins um ofbeldi. Frá Íslandi fóru þær Svala Jónsdóttir frá Jafnréttisstofu og Guðrún Jónsdóttir frá Stígamótum. Á fundinum var farið yfir það hvernig þátttökulöndin höfðu unnið verkefnið og þannig fékkst kærkomin yfirsýn yfir áherslurnar í baráttunni gegn ofbeldi í Evrópu.

1. – 4. júní fór talskona Stígamóta á fund samstarfsvænna sinna frá Svíþjóð, Rússlandi og Noregi til að skipuleggja ráðstefnu heimskautasvæðanna um kynbundið ofbeldi. Fundurinn var haldinn í Tromsø í Noregi en ráðstefnan verður í Svíþjóð árið 2009. Ákveðið var að ná saman þeim hópum sem vinna á jaðarsvæðum heimsins og fara yfir sameiginleg baráttumál. Þess má til gamans geta að undirbúningshópurinn velti því fyrir sér hvort Ísland gæti talist til heimskautasvæðanna. Á meðan á fundinum stóð kom í ljós að ísbjörn hefði gengið á land á Íslandi og var málið þar með útrætt.

Dagana 8. – 13. september var haldin fyrsta heimsráðstefna kvennaathvarfahreyfingarinnar í Edmunton í Kanada. Þær Þórunn Þórarinsdóttir og Guðrún Jónsdóttir fóru á ráðstefnuna fyrir hönd Stígamóta. Guðrún stóð fyrir tveimur málstofum. Önnur þeirra var um starf Stígamóta og bar erindið heitið „Vöxtur, kraftur og gleði“. Hin bar yfirskriftina „Norræna aðferðin“ og í henni tóku líka þátt konur frá Svíþjóð og Danmörku. Var báðum málstofum mjög vel tekið og þær vel sóttar. Ráðstefnan var gífurlega vel skipulögð og konur úr öllum heiminum tóku þátt, þó hvítar millistéttarkonur hafi verið áberandi. Enn einu sinni kom í ljós að vitundarvakningin er lengra komin á Norðurlöndum en annars staðar í heiminum. Feminisminn var lítt sýnilegur og konur ræddu lítið um ofbeldismennina sem ábyrgðina bera. En það var gott að fá innblástur og yfirsýn yfir áherslur í öðrum löndum og heimsálfum.

Í byrjun desember fóru ofbeldisvöktunarkonur í námsferð til Danmerkur á vegum EWL, til þess að kynna sér störf dönsku ofbeldisvöktunarinnar. Farið var í heimsóknir í Lyngby kvennaathvarfið, til félagsmálayfirvalda og til regnhlífarsamtakanna Dansk kvindesamfund ásamt heimsókn á dönsku Neyðarmóttökuna. Í sömu ferð fór talskona Stígamóta á undirbúningsfund fyrir næstu ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold.

## Erlendir gestir til Íslands

### Unni Kiil

Þann 5. júní hélt Unni Kiil erindi hjá Stígamótum um verndarverkefni Norðmanna fyrir konur sem gætu hafa verið seldar mansali. Til fundarins var boðið vinnuhóp sem vann að aðgerðaráætlun Íslands gegn mansali, íslenska hópnum sem vann að samstarfsverkefni gegn mansali, auk fjölmiðla.

Þetta verkefni Norðmanna kallast Rósaverkefnið og er eitt það besta sem gert hefur verið á þessu sviði í nágrennalöndum okkar og því mikilvægt að kynna það hér á landi. Vonandi ratar þessi leið inn í íslensku aðgerðaráætlunina. Eins og áður hefur komið fram var heimsókn Unni Kiil kostuð af Kristínarsjóði.



## Málstofa um baráttuna gegn kynferðisofbeldi í Evrópu

Til þess að innsigla formlega aðkomu Stígamóta að ofbeldisvakt EWL var haldinn fundur á Íslandi undir yfirskriftinni “Outstanding European work against Gender based violence”. Fundurinn var haldinn í Iðnó föstudaginn 21. nóvember. Hingað komu þær Colette DeTroy forstjóri Ofbeldsivöktunarinnar, Karin Helweg- Larsen læknir og sérfræðingur frá Danmörku og Rada Boric Frá Króatíu. Þær héldu hér erindi um verk sín. Þá sagði Hrannar B. Arnarson aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur frá fjárhagslegum stuðningi hennar við verkefnið. Við sama tækifæri voru jafnframt veittar jafnréttisviðurkenningar Stígamóta.

### Aðild Stígamóta að alþjóðasamtökum

- **Norrænar konur gegn ofbeldi** sem eru regnhlífarsamtök norrænna kvennasamtaka sem vinna gegn ofbeldi
- **ENATW –European network against Trafficking in Women**, en Stígamót eiga þrjá fulltrúa í stjórn þeirra samtaka og stýra starfinu í Norður –Evrópu. Vefsíðan okkar er [www.aretusa.net](http://www.aretusa.net)
- **Norsk nettverk mot prostitusjon og trafficking** Stígamót ásamt Hreiðrinu í Danmörku og Louise Eek í Svíþjóð eru aðilar að netinu, önnur samtök eru norsk.
- **Wave - women against violence in Europe** með vefsíðuna: [www.wave-network.org](http://www.wave-network.org)
- **International Abolitionist Federation** sem eru elstu starfandi samtök gegn vændi í heiminum
- **Coalition Against Trafficking in Women** sem sérstaklega beita sér gegn þeirri nútíma þrælasölu á konum sem kynlífsiðnaðurinn stundar [catw-1@list.web.net](mailto:catw-1@list.web.net)
- **European’s Womens Lobby** <http://www.womenlobby.org/site/hp.asp>



### **Hugstormun í Amman í Jórdaníu**

Alþjóðastarf Stígamóta tekur sífellt á sig nýjar myndir. Hjálparstofnun kirkjunnar í Noregi er með ýmis þróunarverkefni í gangi um allan heim, m.a. í Írak. Eitt af þeim verkefnum sem þar er í gangi byggist á því að styðja við konur sérstaklega í Suður Írak og áherslan er á kynbundið ofbeldi. Talskona Stígamóta var beðin um að vera í alþjóðlegum sérfræðingahópi sem veitir ráðgjöf í hjálparferlinu.

Starfsaðstæður hópsins eru óvenjulegar. Það er vonlaust að fara inn í landið og því erfitt að ná til kvennanna. Þær hafa verið boðaðar til Kuwait á fundi, en í þetta skipti mætti ein þeirra til Amman í Jórdaníu til þess að ræða stöðuna og hvernig best væri að halda áfram. Á fundinum var norskur biskup, fyrrum hermaður, Rachel Paul sem stýrir verkefninu og aðstoðarkona hennar, Fafaf sem stýrir regnhlífarsamtökum feminískra kvennahópa í Miðausturlöndum, Aida sem stýrir kvennaathvarfi í Nazaret, Lenie Person sem sér um praktísku hliðina og Jan Krisiansen sem stýrir Íraksverkefnum norsku kirkjunnar.

Stígamótakonnan var óvenju lítil í sér til þess að byrja með. Átti ekki von á að geta yfirfært þekkingu sína og reynslu á svo óvenjulegar aðstæður. Þegar hins vegar konurnar fóru að tala, kom mest á óvart hvað við erum þrátt fyrir allt líkar, hugsum eftir svipuðum brautum og hvað við getum yfirfært af reynslu okkar og þekkingu. Það kom mér á óvart hvað konum í Miðausturinu fannst mikilvægt að heyra um aðferðir kvenna í "jafnréttis" löndunum í Norðri. Við vorum beðin þess lengstra orða að nefna ekki nafn konunnar frá Írak og ég nefni hana því NN. Þegar hún fór að tala skildi ég af hverju. Hún listi því m.a. sem hefði verið að gerast í Basra þar sem hún býr, síðustu fjóra mánuði. Hún sýndi okkur myndir sem hún hafði tekið víða um borgina af vægast sagt óhuggulegu veggjakroti. Það var málað með rauðum stórum stöfum, m.a. á lögreglustöðina án þess að lögreglan hirti um að hreinsa það. NN hafði ásamt sínum litla samstarfshópi talið yfir 500 skilaboð í litlum hluta borgarinnar. Aletranirnar voru mismunandi, en skilaboðin voru skýr. Konur sem voguðu sér að mála sig eða klæðast "ósiðsamlega" áttu að vara sig, þeim átti að refska. Í Írak voru framín 137 heiðursmorð sl. ár. Þessa síðustu fjóra mánuði höfðu 60 konur verið drepnar bara í Basra og þeim hafði verið misþyrmt, nauðgað og líkin svívirt. Á bak við drápin eru ekki fjölskyldumeðlimir að halda á lofti "heiðri" fjölskyldunnar, heldur gengi sem ferðast um á mótórhjólum. Jan Krisiansen sagði okkar að það kostaði í dag 60 \$ að láta drepa manneskju fyrir sig og verðið fer lækkandi. Það þarf ekki að taka fram að konur búrkuvæðast nú sem óðast af ótta við refsingarnar.

Í strjálbýlum sveitum í Suður Írak er staða kvenna sérlega slæm. Þær mega ekki hreyfa sig án fylgdar karla og fyrir þær er óhugsandi að fara á fundi, hvað þá einar. Og fyrir Rachel sem ekki kemst einu sinni inn í landið, hvernig á hún að ná til þessara kvenna og vinna með þeim?

Lagt var á ráðin um næstu skref, hvernig hægt er að ná til kvenna og byggja á því sambandi sem þegar er komið á við konur í borgunum. Á endanum ætla þær að koma á laggirnar neyðarsíma/athvarfi fyrir konur vegna ofbeldis en ótrúlega þarf af yfirstíga margar hindranir fyrst. Á leiðinni heim til Íslands ákvað undirrituð að verkefnið væri það vonlausasta og erfiðasta sem hún hefði komið nálægt og að það væri ekki eyðandi í það dýrmætum kröftum. -

Daginn eftir gerðist það sem gerir starfið mitt svo skemmtilegt. Mér tókst að snúa upp á vonleysið! Ég hugsaði sem svo; Hvað ef við íslenskar konur værum í aðstæðum kvennanna í Írak. Hvað ef við hefðum lent í "Persaflóastríði"? Hvað ef engum dytti í hug að hjálpa okkur af því það væri svo vonlaust? Er ekki einmitt sérlega verðugt að senda inn skilaboðin um að þær séu ekki einar?

Það sé fylgst með og að til sé fólk sem er reiðubúið að hjálpa eftir föngum? Það séu meira að segja til peningar í heimsins ríkasta landi Noregi sem nota megum í verkefnið ef not finnist fyrir þá. Í vor munum við hitta nokkra tugi íraksra kvenna í Kúwait og þoka málum áfram.....

Guðrún Jónsdóttir  
Talskona Stígamóta

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til þess að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 19 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldi og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sifjaspellum og nauðgunum sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

*Sifjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.*

*Nauðgun skilgreinum við sem kynferðislegt ofbeldi þar sem einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfsstjórn hennar á bak aftur.*

Á árinu 2008 leituðu 547 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 253 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá voru 49 aðstandendur sem leituðu til Stígamóta og þar af voru 20 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum fyrir. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2008 miðast við fjölda skýrslna sem fyrir liggur um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Á þeim 19 árum sem liðin eru frá stofnun Stígamóta til ársloka 2008 hafa 5279 einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt er þess að geta að ofbeldismennirnir teljast vera 7184 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Hagstofu Íslands voru 153.888 konur á Íslandi árið 2008 og undanfarin 19 ár hafa 4727 konur leitað til Stígamóta eða 3,1% íslenskra kvenna.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig sýna tölurnar að einn og sami ofbeldismaðurinn beitir oft fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2008 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð á fimm síðustu starfsárum. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum.

### Tafla 1)

#### Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2008

Þessi tafla er sett fram með öðrum hætti en áður hefur verið gert. Kemur það meðal annars til af því að ný tegund spurningalista var tekin í notkun árið 2008, aðstandendaskýrslur. Er þetta gert til að reyna að fá enn betri mynd af því hverjir koma til Stígamóta og um málin sem leitað er aðstoðar með. Fram að þessu hafa upplýsingar um ný mál frá aðstandendum verið færð inn á sams konar spurningalista og ný mál frá brotþolum sjálfum. Nokkrar skýringar fylgja töflunni sem vonandi auðveldar túlkun töflunnar.

Ný mál – brotþolar komu sjálfir*	253
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur	20
Heildarfjöldi ofbeldismanna **	420
Fjöldi nýrra aðstandenda***	49
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	547
Heildarfjöldi viðtala	2080

\*Heildarfjöldi nýrra mála var 253 en því miður voru 17 skýrslur ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir tölfræðiúrvinnsla um brotþola á 236 skýrslum.

\*\*Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 420, bæði ný mál og upplýsingar um mál frá aðstandendum. Eins og fram

hefur komið vantaði 17 komuskýrslur og þá um leið allar upplýsingar um ofbeldismenn í þeim málum en hér er miðað við einn ofbeldismann fyrir hverja glataða skýrslu (sem er lágmarkstalning). Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamót gegnum aðstandendur sem leituðu til Stígamóta en þó er vitað að í



þremur tilfellum var um tvo ofbeldismenn að ræða. Því er hægt með vissu að segja að ofbeldismennirnir hafi verið 420 en hins vegar byggja tölfræðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 380 skýrslum sem fyrir lágu um ofbeldismenn.

\*\*\*Heildarfjöldi aðstandenda sem leituðu til Stígamóta var 49 en af því miður voru 6 skýrslur ekki fylltar út og því ekki marktækar. Því byggir tölfræði um aðstandendur á 43 skýrslum.

Mikilvægt er að hafa þessar skýringar í huga við lestur allra niðurstaðna og túlkun þeirra. Það kemur fram í töflum, myndum eða texta út frá hvaða hópi niðurstöður eru reiknaðar og settar fram.

Þegar ný mál, bæði frá brotaþolum og aðstandendum, eru lögð saman verður heildarfjöldi nýrra mála 273 sem er 4 málum færri en á síðasta ári. Fjöldi einstaklinga sem færast á milli ára er meiri en í fyrra og nemur fjölgunin 9,6%. Ofbeldismenn eru 2 fleiri en árið 2007. Heildarfjöldi einstaklinga er meiri en á síðasta ári sem nemur 3,8%. Heildarfjöldi viðtala er meiri en í fyrra sem nemur 9,5%. Mörg ár er u síðan svo mörg viðtöl voru tekin á Stígamótum og síðan og heildarfjöldi einstaklinga hefur verið svo mikill.

## Tafla 2) Stígamót á staðinn

Staður	Fjöldi viðtala	Fjöldi einstakl.	Nýjir einstakl.
Krísuvík	60	13	7
Selfoss	20	8	5
Egilsstaðir	33	14	5
Vestmannaeyjar	28	8	7
Vesturland	15	9	4
<b>Alls</b>	<b>156</b>	<b>52</b>	<b>28</b>

Þessi tafla sýnir fjölda viðtala og einstaklinga sem nýttu sér viðtöl Stígamóta á landsbyggðinni. Það er óhætt að segja að það nýttist vel að fara með Stígamót á staðinn. Auk viðtala voru starfræktir tveir hópar á Egilsstöðum.

## Meðferð tölulegra gagna

Líkt og í ársskýrslu síðasta árs eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Þegar túlkun breytist við nýja aðferð er þess getið í texta.

## Tafla 3) Skipting einstaklinganna eftir kyni

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	26	11%
Kona	210	89%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100%</b>

Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002 um tíðni kynferðisofbeldis gagnvart börnum á Íslandi gætu um 20% misnotaðra barna á Íslandi verið drengir. Sama rannsókn unnin á tímabilinu 1999-2002 bendir til að 23% stúlkna og 8% drengja hafi verið beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur. (Mbl. 17. sept. 2002). Þar sem um helmingur

þeirra sem leitað hafa til Stígamóta koma vegna sífjaspella og langflestir karlar hafa komið vegna ofbeldis í æsku, má segja að karlar hafi verið í kringum 20% af sífjaspellshópnum í gegnum árin. Það má því segja að Stígamót nýttist þeim körlum nokkuð vel sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi.

Þessi tala hefur þó verið lægri undanfarin tvö ár. Skýringin getur að hluta til verið sú að notendur fylltu sjálfir út spurningalistann og hlutfall karla í öðrum flokkum ofbeldis var hærra en undanfarin ár. Hlutfall karla af sífjaspellsmálum árið 2008 var 16,5%, sem er nokkuð hærra hlutfall en árið á undan.


**Tafla 4)**  
**Þjóðerni brotþola**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Íslendingur	225	95,3%
Frá öðrum löndum	7	3,0%
Blandað þjóðerni	2	0,8%
Uppl. vantar	2	0,8%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100,0%</b>


Eins og sést á töflu 4 voru flestir þeir sem komu til Stígamóta árið 2008 íslenskir. Samkvæmt Hagstofu Íslands virðast innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn vera um 8,1% mannfjöldans og því má segja að við höfum ekki náð nógu vel til þess hóps. Þess vegna fórum við í það verkefni að gefa út bæklinga, bæði á ensku og annan á fimm tungumálum.

**Tafla 5)**  
**Fjöldi nýrra mála frá upphafi**

Taflan sýnir fjölda þeirra einstaklinga sem árlega hafa leitað til Stígamóta undanfarin 19 ár. Fyrstu árin var um uppsafnaðan vanda að ræða. Árið 1993 kom Neyðarmóttaka vegna nauðgana til sögunnar og tók yfir hluta af nauðgunarmálunum. Á árunum 1995-1997 hættu Stígamót að taka á móti börnum og Barnahúsið varð til í nóvember 1998. Frá árinu 2004 til 2007 var aukning milli ára en árið 2008 var örlítill fækkun frá árinu á undan. Að undanskildu árinu 2007 þarf þó að fara allt aftur til ársins 1995 til að sjá fleiri ný mál á ári en á síðasta ári.



**Tafla 6)**  
**Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2008**



Þessi tafla er nokkuð breytileg frá ári til árs. Aðsóknin er breytileg á milli ára og mánaða og erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Þó hefur það verið nokkuð fyrirsjáanlegt að aðsókn er í lágmarki í desember ár hvert.

**Tafla 7)**  
**Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2008**

	Fjöldi	Hlutfall
Sifjaspell	127	24,0%
Grunur um sifjaspell	15	2,8%
Nauðgun	108	20,4%
Grunur um nauðgun	6	1,1%
Nauðgunartilraun	24	4,5%
Klám	21	4,0%
Vændi	9	1,7%
Kynferðisleg áreitni	60	11,3%
Ofsóknir ofbeldismanns	22	4,2%
Andlegt ofbeldi	75	14,2%
Líkamlegt ofbeldi	56	10,6%
Annað	5	0,9%
Ekki viss	2	0,4%
<b>Alls</b>	<b>530</b>	<b>100%</b>

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en einstaklingarnir (236).

Þar sem um grun um sifjaspell er að ræða, er ástæðan sú að viðkomandi ber einkenni þess að hafa verið beittur ofbeldi en minnið er brostið. T.d. getur verið um það að ræða að viðkomandi truflist af svipmyndum, martröðum eða mikilli vanlíðan í návist ákveðinna manna eða á ákveðnum stöðum en geti ekki munað hvað gerðist.

Þegar um grun um nauðgun er að ræða, er t.d. um að ræða þegar stúlka vaknar á ókunnnum stað og hefur enga minningu um hvernig hún endaði þar og vaknar upp við


hlið ókunnugs manns.

Þessi tafla er að hluta til öðruvísi en hún hefur verið undanfarin ár vegna þess að flokkum fyrir ástæður þess að leitað var til Stígamóta var fjölgað í spurningalistanum fyrir árið 2008. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta eru þess vegna töluvert fleiri 2008 en árið á undan, eða 530 en var 366, jafnvel þó að færri einstaklingar séu á bak við svörin. Það hefur einnig áhrif á hlutfall hvers flokks fyrir sig þar sem bæði ástæðurnar og flokkarnir eru fleiri.

Nýjrir flokkar eru; ofsóknir ofbeldismanns, andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, annað og ekki viss. Athygli vekur hve margir notendur leita til Stígamóta vegna ofsókna ofbeldismanns. Þá eru einnig margir sem leita til Stígamóta vegna andlegs og líkamlegs ofbeldis sem stundum er hluti af kynferðisofbeldinu og

stundum aðskilið, þ.e. að um annan ofbeldismann er að ræða. Tilgangur þessara breytinga er að fá fram fyllri mynd af því ofbeldi sem fólk hefur verið beitt.

## Mynd 1) Ástæður þess að leitað var til Stígamóta




## Um klám og vændi

Konur hafa leitað sér hjálpar vegna klámnotkunar sambýlismanna þeirra sem hefur misboðið þeim á ýmsa vegu. Aðrar hafa orðið fyrir því að teknar hafa verið myndir af þeim í kynlífsathöfnum með eða án þeirra vilja og þeim síðan dreift eða konum hótad að þeim verði dreift. Þá voru 4 karlar sem leituðu til Stígamóta árið 2008 vegna kláms. Málum vegna kláms hefur fjölgað mikið frá árinu á undan eða úr 11 í 21 mál, sem er nærri því tvöföldun á milli ára.

Á síðasta ári nýttu 22 konur og 1 karl sér viðtalsþjónustu Stígamóta vegna vændis, þar af voru 9 ný mál og 14 eldri mál. Nokkrar konur voru í reglulegu símasambandi við Stígamót vegna vændis. Það sama hefur sýnt sig hjá Stígamótum og hjá erlendum systursamtökum að það tekur langan tíma að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Einnig er vændi falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrir en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrstu viðtöl og upplýsingar um það vantar því í einhverjum tilvikum.

## Mynd 2) Samanburður milli ára

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir ástæður komu síðustu fimm árin. Það skal ítrekað hér að frá og með árinu 2006 voru upplýsingarnar fylltar út af notendum en ekki ráðgjöfum Stígamóta og hefur það eflaust áhrif á skilgreiningu ofbeldisins, eins og nefnt var hér að framan.



Mikilvægt er að hafa í huga að árið 2008 voru fleiri flokkar en sýndir eru á þessari mynd og skýrir það að stórum hluta hvers vegna hlutfallið í hverjum sýndum flokki er lægra það ár en árin á undan.

### Tafla 8a/b)

#### Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2008

Tafla 8a) sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 8b) sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst. Flestir nýttu sér Stígamót á aldrinum 20-39 ára en ofbeldið hófst hins vegar oftast á aldrinum 5-14 ára. Þessar upplýsingar eru yfirlétt með svipuðum hætti ár eftir ár. Flokkarnir í þessari töflu eru örlítið breyttir frá fyrri árum og ber að hafa það í huga í samanburði við fyrri ár.

#### 8a)

	Fjöldi	Leitað
0-4 ára	0	0,0%
5-9 ára	0	0,0%
10-14 ára	3	1,3%
15-19 ára	36	15,3%
20-29 ára	97	41,1%
30-39 ára	41	17,4%
40-49 ára	34	14,4%
50-59 ára	16	6,8%
60 ára og eldri	3	1,3%
upplýsingar vantar	6	2,5%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100</b>


#### 8b)

	Fjöldi	Framið
0-4 ára	21	8,9%
5-9 ára	83	35,2%
10-14 ára	56	23,7%
15-19 ára	37	15,7%
20-29 ára	13	5,5%
30-39 ára	7	3,0%
40-49 ára	0	0,0%
50-59 ára	1	0,4%
60 ára og eldri	0	0,0%
Ekki viss	3	1,3%
Merkt við fleiri en eitt	8	3,4%
Upplýsingar vantar	7	3,0%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100</b>

Tafla 8b) er lengri en 8a) þar sem það kom fyrir að notendur merktu í þeim flokki við fleiri en eitt atriði og því ekki hægt að setja það í neinn einn flokk. Þá voru líka einhverjir sem ekki voru vissir um hvenær ofbeldið hófst.

### Mynd 3)

#### Samanburður á aldri einstaklinga þegar leitað var aðstoðar og aldri þeirra þegar ofbeldið var framið árið 2008




Mynd 3) sýnir annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldið var framið og miðast upplýsingarnar við árið 2008. Tekið skal fram að 16 einstaklingar voru 18 ára eða yngri þegar aðstoðar var leitað. Fyrir þann hluta hópsins sem var undir 18 ára aldri er um að ræða mál sem þekkt voru af barnaverndaryfirvöldum. Það er eftirtektarvert á súluritinu hversu langur tími virðist líða frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar.




## Frekari upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga


Allar upplýsingar um félagslegar aðstæður einstaklinga miðast við upplýsingar um brotapolu, 236 skýrslur.

### Mynd 4) Hjúskaparstaða




### Mynd 5a/b) Menntun og atvinna





Myndir 5a) og 5b) hér að framan bera með sér að starfs- og menntunarlegur bakgrunnur þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi er margbreytilegur. Tölur ársins 2008 sýna að margir eru við nám en hlutfallslega flestir eru í fullu starfi. Taflan um atvinnu brotþola hefur breyst töluvert frá fyrri árum vegna endurskoðunar á skilgreiningum og áherslum í spurningalistum notenda. Áður var flokkað niður eftir ákveðnum starfsgreinum.


### Mynd 6) Sveitarfélag þar sem ofbeldið átti sér stað



Tölurnar í mynd 6) miðast við þann stað sem einstaklingarnir voru á þegar þeir voru beittir ofbeldi. Töluverð breyting er á framsetningu þessarar myndar frá árinu á undan. Í fyrsta lagi hefur landsbyggðin verið flokkuð niður í fjögur svæði. Í öðru lagi er samanlagður fjöldi í myndinni meiri en 236 þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt sveitarfélag. Heildarfjöldi tilfella á þessari mynd er því 297.

Það sem er flokkað úti á landi er bæði í þéttbýli og dreifbýli á landsbyggðinni. Eins og sést á þessari mynd á kynferðisofbeldi sér ekki landfræðileg mörk.

### Mynd 7) Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2008



Í mynd 7) má sjá búsetu fólks þegar það leitar til Stígamóta. Um 70% þeirra einstaklinga sem leituðu til Stígamóta árið 2008 búa á höfuðborgarsvæðinu og er það fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þó hefur verkefnið Stígamót á staðinn opnað möguleika fyrir þá sem búa á landsbyggðinni til að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði auk þess sem margir leggja á sig löng ferðalög til að geta komið í viðtöl, bæði á landsbyggðinni og á Hverfisgötu. Þá er einnig boðið uppá símaviðtöl sem landsbyggðarfólk hefur nýtt sér í gegnum árin og gerir ennþá.

### Tafla 9) Búseta; samanburður milli ára

	2003	2004	2005	2006	2007	2008	
Reykjavík	55,0%	56,6%	55,0%	47,0%	48,4%	45,3%	107
Kópavogur	12,0%	10,5%	10,8%	10,5%	7,9%	13,1%	31
Hafnarfjörður	7,2%	11,4%	8,4%	7,5%	10,1%	6,4%	15
Seltjarnarnes	2,0%	1,8%	0,8%	0,8%	0,4%	0,0%	0
Garðabær	2,4%	2,6%	2,4%	2,3%	3,2%	3,0%	7
Mosfellsbær	4,0%	2,6%	0,4%	1,1%	2,5%	2,1%	5
Úti á landi	16,7%	11,4%	19,3%	24,8%	23,8%	28,0%	66
Erlendis	0,8%	3,1%	2,0%	3,8%	2,2%	2,12%	5,00
<b>Fjöldi</b>	<b>251</b>	<b>228</b>	<b>249</b>	<b>266</b>	<b>277</b>	<b>236</b>	

Í töflu 9) er yfirlit yfir búsetu fólks árin 2003 til 2008 og virðist skiptingin nokkuð lík á milli ára. Þó hefur hlutfall þeirra sem búa úti á landi hækkað um 4,2% milli 2007 og 2008 og eflaust má að stórum hluta til rekja það til þess að starfsemi Stígamóta hefur aukist á landsbyggðinni með tilkomu verkefnisins, Stígamót á staðinn.


## Um ofbeldisverkin

**Tafla 10)**  
**Hve lengi stóðu sífjaspellin?**

	2004	2005	2006	2007	2008	
Eitt skipti	9,4%	8,5%	14,7%	9,9%	13,0%	17
0-11 mán	17,3%	15,6%	16,0%	21,6%	20,6%	27
1-5 ár	58,1%	52,3%	56,0%	42,1%	35,9%	47
6 ár eða lengur	11,6%	10,6%	10,7%	14,0%	19,8%	26
Óvíst	14,5%	13,1%	2,7%	12,3%	14,1%	22
<b>Alls fjöldi</b>	<b>138</b>	<b>153</b>	<b>150</b>	<b>171</b>	<b>139</b>	

Þessi mynd hefur verið einfölduð til muna frá fyrri árum. Það kemur til af því að spurningalistum var breytt fyrir árið 2008 og var það gert til einföldunar.

**Mynd 8)**  
**Samanburður milli ára**



Tölunum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Augljóst er að sífjaspell eru ofbeldi sem oft er viðvarandi í mörg ár. Súluritið lýsir samanburði á milli ára. Árin 2004 - 2005 standa sífjaspellin yfir í eitt ár eða meira í um 75% tilfella en þessi tala er í kringum 70% árin 2006 – 2007 og tæplega 56% árið 2008. Hér getur komið fram breyting vegna þess að notendurnir fylltu sjálfir út spurningalistana síðustu þrjú árin.


**Tafla 11)**  
**Mismunandi birtingarmyndir nauðgana**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Nauðgun	94	74,0%
Hópnauðgun	15	11,8%
Lyfjanauðgun	14	11,0%
Nauðgun - annað	4	3,1%
<b>Alls</b>	<b>127</b>	<b>100%</b>

Þessi tafla er örlítið breytt frá árinu 2007, sem var í fyrsta skipti sem birtingarmyndir nauðgana voru birtar í ársskýrslu Stígamóta. Heildarfjöldi nauðgana í þessari mynd er 127 en ekki 108 eins og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta. Ástæðan er að í ár var tekið tillit til þess að hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Þá er einnig rétt að taka fram að nauðgun í sambúð/hjúskap er ekki sett fram í þessari töflu þar sem

spurningalistum var breytt. Þó kemur fram í skýrslum fyrir árið 2008 að nauðganir af hálfu maka voru 19 á árinu og geta þær verið undir hvaða skilgreiningu sem er á þessari mynd merktar þar sem ekki var sérstaklega spurt um birtingarmynd nauðgunar af hálfu maka. Þær nauðganir teljast þó með í þessum 127 nauðgunum og því er hægt að segja að 15% nauðgana á árinu hafi verið nauðganir í parsambandi. Með nauðgun og nauðgun – annað, er átt við nauðganir sem ekki falla undir aðrar skilgreingar nauðgunar sem settar eru fram í töflunni.

**Mynd 9)**  
**Þvingunaraðferðir við framkvæmd ofbeldisins**



Á mynd 9) er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum hafi verið beitt við framkvæmd ofbeldisins. Þessi tafla á við allar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis. Hér sést að í rúmlega 30% tilfella var hótunum beitt og það er mikil aukning frá árinu á undan. Líkamsmeiðingum var beitt í yfir 14% tilfella. Þetta sýnir að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun og er mjög alvarlegt þó hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við kynferðisofbeldið sjálft.

**Tafla 12)**  
**Hvar átti kynferðisofbeldið sér stað?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Á sameiginlegu heimili	67	18,0%
Á heimili ofbeldismanns	115	30,8%
Á heimili brotabola	68	18,2%
Í heimahúsi	37	9,9%
Á vinnustað	10	2,7%
Á/við skemmtistað	5	1,3%
Á útihátíð	6	1,6%
Í tómstundum/íþróttastarfi	4	1,1%
Á opinberri stofnun	10	2,7%
Utandyra	40	10,7%
Annað	11	3,0%
<b>Fjöldi alls*</b>	<b>373</b>	<b>100%</b>

Þessi tafla er breytt frá fyrri árum þar sem skilgreiningum í spurningalistum notenda hefur verið breytt. Í töflunni kemur fram að oftast á ofbeldið sér stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili þess sem er beittur ofbeldinu og ofbeldismanns, samtals í um 67 % tilfella. Í dálkinum sem merktur er „annað“ getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á öðrum stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni. Dæmi sem fram komu um opinberar stofnanir voru stofnanir tengdar skólum en varhugavert er að leggja of mikla merkingu í það þar sem ekki liggja margir

einstaklingar og bak við þær upplýsingar. Staðirnir eru fleiri en einstaklingarnir (236) vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum.

**Tafla 13a)**  
**Sagði þolandi frá ofbeldinu?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Nei	162	68,6%
Já	62	26,3%
Óvíst	12	5,1%
	<b>236</b>	<b>100%</b>

Tafla 13a) sýnir hve margir sögðu frá ofbeldinu á meðan á því stóð eða strax eftir að því lauk. Eins og fram kemur í töflunni sögðu fáir frá ofbeldinu strax.

**Tafla 13b)**  
**Hverjum sagði brotaboli frá?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall*</b>
Maka	11	17,7%
Móður	25	40,3%
Föður	8	12,9%
Öðrum í fjölskyldunni	17	27,4%
Vinkonu/vini	37	59,7%
Fagaðila	16	25,8%
Öðrum	6	9,7%


\*Hlutfallið miðast við hlutfall af fjölda þeirra sem sögðu frá (62 einstaklingar).

Tafla 13b) sýnir hverjum brotabolar sögðu frá ofbeldinu meðan á því stóð eða strax eftir að því lauk. Flestir sögðu vini eða vinkonu frá og næst flestir móður.



**Mynd 10)**  
**Samanburður milli ára**

Súluritið hér að neðan sýnir samanburð milli ára. Undanfarin þrjú ár hefur hlutfall þeirra sem hefur sagt frá ofbeldinu strax verið heldur hærra en árin þar á undan eða um 10-12% hærra. Hafa verður í huga að myndin sýnir eingöngu þá sem merktu við já eða nei, ekki þegar upplýsingar vantaði og verður samanlagt hlutfall já og nei því lægra en 100%.




**Tafla 14)**  
**Var viðkomandi trúað?**

	Fjöldi	Hlutfall
Enginn trúði	5	8,1%
Allir trúðu	35	56,5%
Sumir trúðu	10	16,1%
Ekki viss	2	3,2%
Uppl. vantar	10	16,1%
<b>Alls</b>	<b>62</b>	<b>100%</b>


Tafla 14) sýnir að í 56,5% þeirra tilfella sem brotþoli sagði frá, trúðu allir frásögninni. Í rúmlega 16% tilfella trúðu sumir en ekki allir.

## Mynd 11) Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis



Hér er reynt að gefa tölulega til kynna þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Í súluritinu er getið um „svipmyndir“. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjóta skyndilega og án fyrirvara upp kollinum og valda miklu hugarangri. Skömm, léleg sjálfsmynd, kvíði, depurð, sektarkennd og svipmyndir eru algengustu afleiðingar kynferðisofbeldis. Þessi mynd hefur tekið nokkrum breytingum á síðustu þremur árum og ber þar helst að nefna að reiðin hefur færst ofar á listanum. Helsta skýringin er að síðustu þrjú ár hafa notendur sjálfir fyllt spurningalistann og líkur á að upplýsingarnar gefi betri mynd af líðan þeirra en áður. Þó ber að ítreka að eftir sem áður er skömm, sektarkennd og léleg sjálfsmynd efst og/eða mjög ofarlega á listanum.

## Mynd 12) Brotapolar og fíkn



Eitt af því sem ákveðið var að setja nýtt inn í spurningalista notenda á síðasta ári, voru upplýsingar um það hvort og þá hvaða fíkn fólk telur sig vera eða hafa verið með. Þetta var gert vegna þess að eitt af því sem fólk talar um í sambandi við afleiðingar sínar eru fíknir af ýmsu tagi og vonin að fá dýpri mynd og skilning á afleiðingum og líðan brotaþola.

Það sem vekur athygli er hve margir skilgreina sig með matarfíkn, eða um 19%. Þá er vert að taka fram að notendur gátu skilgreint sérstaklega við hvað þeir áttu með fíkn –annað. Þar voru 6 sem settu inn reykingar og 4 settu inn kaupfíkn. Þá kom einnig fram kaffi, lyf, meðvirkni, tölvur og nammi/gos.


## Tafla 15) Sjálfsvígstílaunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	170	72,0%
Já	58	24,6%
Uppl. Vantar	8	3,4%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100%</b>

Af þeim sem leituðu aðstoðar Stígamóta árið 2008, höfðu 55 einstaklingar eða 24,6 % gert eina eða fleiri tílaunir til sjálfsvíga. Þetta er töluvert hærra hlutfall en árið á undan og nemur aukningin 5,8%.

Í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002, á kynferðisofbeldi gagnvart börnum, kemst hún að því að um 15% hafi gert tílaunir til sjálfsvígs og er það lægra en tölur Stígamóta fyrir árið 2008 sýna. Almennt gildir að um 4% fólks hafi gert slíkar tílaunir.

## Mynd 13)



**Tafla 16)**  
**Fjöldi sjálfsvígstílauna**

Fjöldi tílauna	Fjöldi einstaklinga	Hlutfall
1	12	20,7%
2	4	6,9%
3	9	15,5%
4	3	5,2%
5	3	5,2%
6	1	1,7%
Uppl. Vantar	26	44,8%
	<b>58</b>	<b>100,0%</b>


Stór hluti þeirra sem hafa gert tílaun til sjálfsvígs, gefa ekki upplýsingar um hversu oft þeir hafa gert það eða tæplega 45%. Hins vegar kemur fram í þessari töflu að þeir sem svara þeirri spurningu hafa gert sjálfsvígstílaunir allt að 6 sinnum. Þetta eru mikilvægar upplýsingar um alvarleika þeirra afleiðinga sem brotaþolar kynferðisofbeldis glíma við.

**Tafla 17)**  
**Samanburður milli ára**

	2004	2005	2006	2007	2008
Já	14,5%	11,6%	18,8%	18,8%	24,6%
Nei	80,3%	84,3%	77,1%	75,1%	72,0%
<b>Fjöldi*</b>	<b>216</b>	<b>239</b>	<b>255</b>	<b>263</b>	<b>228</b>

\*Athuga verður að heildarfjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með jái eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantaði.

**Mynd 14)**  
**Hvar hefur aðstoðar verið leitað þegar komið er til Stígamóta árið 2008?**



**Tafla 18)**


	Leitað	Rætt
Annað	10	12
Barnahús	15	13
Neyðarmóttaka	22	15
Kvennaathvarf	14	10
Lögreglufulltrúi	19	19
Skólastarfsmaður	17	11
Prestur	28	8
Fagaðili í vímuefnameðferð	46	26
Sálfræðingur	105	71
Félagsþjónustan	27	7
Félagsráðgjafi	55	33
Geðlæknir	56	30
Starfsfólk geðdeildar	45	14
Læknir	64	21
<b>Alls</b>	<b>523</b>	<b>290</b>

Myndin hér að framan gefur upplýsingar um annars vegar hvert fólk hefur leitað með persónuleg mál sín áður en það kom til Stígamóta og hins vegar hvar fólk hafði rætt ofbeldið hjá fagaðilum áður en það kom til Stígamóta. Eins og sjá má af myndinni höfðu alls ekki allir rætt ofbeldið við þá fagaðila sem það hafði leitað til. Samanlagt hlutfall verður langt yfir 100% miðað við fjölda einstaklinga þar sem margir höfðu leitað til fleiri en eins fagaðila. Taflan hér til hliðar sýnir aftur hversu margir einstaklingar standa á bak við upplýsingarnar í myndinni fyrir ofan.

Þá er rétt að taka það fram að 49 einstaklingar eða 20,8% höfðu hvergi leitað aðstoðar áður en þeir komu til Stígamóta. Þá voru 32 einstaklingar sem höfðu leitað til einhverra fagaðila en ekki rætt ofbeldið við neinn þeirra eða 17,1% allra sem höfðu leitað til fagaðila.

**Mynd 15)**

**Tengsl við ofbeldismenn**



Í mynd 15) kemur fram að 380 ofbeldismenn höfðu beitt 236 einstaklinga sem leituðu til Stígamóta ofbeldi árið 2008. Eins og áður hefur verið nefnt er vel hugsanlegt að sumir ofbeldismennirnir séu tví- eða jafnvel margtaldir. Önnur skýring á þessum fjölda ofbeldismanna er að á árinu voru 15 hópnauðganir til umfjöllunar hjá Stígamótum, sem eru fleiri en áður hefur verið. Súluritið sýnir tengsl einstaklinga við ofbeldismenn. Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 12,9% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2008 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu. Gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi ókunnugra fær því ekki staðist.

**Tafla 19a/b)**  
**Samanburður milli ára frá árinu 2004**

**19a)**

<b>Sifjaspell</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	
Faðir/stjúpfaðir*	24,9%	24,9%	14,6%	9,9%	20,8%	32
Móðir/stjúpmóðir	0,6%	0,6%	0,5%	0,6%	1,3%	2
Giftur inn í fjölskylduna	4,2%	4,2%	13,0%	7,4%	5,8%	9
Bróðir	15,8%	15,8%	9,2%	14,8%	8,4%	13
Systir	0,6%	0,6%	0,5%	0,6%	0,6%	1
Frændi/frænka**	18,8%	18,8%	16,2%	19,7%	25,3%	39
Afi	7,3%	7,3%	4,9%	8,0%	7,8%	12
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,6%	1
Fjölskylduvinur	17,6%	17,6%	11,9%	13,0%	8,4%	13
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	3,0%	3,0%	7,3%	11,7%	3,2%	5
Vinur/kunningi	4,8%	4,8%	14,5%	8,6%	10,4%	16
Vinnuveitandi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	0,0%	1,8%	0,6%	0,0%	0
Ókunnugur	1,8%	1,8%	4,3%	1,9%	2,6%	4
Annar/önnur	0,6%	0,6%	1,6%	3,1%	3,9%	6
Fagaðili	---	---	---	---	0,6%	1
Óvíst	---	---	3,8%	0,0%	0,0%	0
<b>Fjöldi</b>	<b>149</b>	<b>165</b>	<b>185</b>	<b>162</b>	<b>154</b>	

\*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfeður árin 2006 og 2007. Því geta sumir stjúpfeður þau ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfeður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.

\*\* Í flokknum frændi/frænka eru 2 frænkur og 37 frændur árið 2008 en ekki var hægt að sundurliða þær upplýsingar fyrir fyrri ár.

**19b)**

<b>Nauðgun</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	
Faðir/stjúpfaðir*	0,0%	0,0%	1,7%	0,0%	0,6%	1
Móðir/stjúpmóðir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Giftur inn í fjölskylduna	0,0%	0,9%	4,4%	0,0%	0,6%	1
Bróðir	0,0%	0,0%	0,6%	1,3%	0,0%	0
Systir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Frændi/frænka	0,0%	1,7%	4,4%	0,6%	0,6%	1
Afi	0,6%	0,0%	2,2%	0,0%	0,6%	1
Amma	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0
Maki	9,7%	8,6%	12,7%	14,4%	12,1%	19
Fjölskylduvinur	0,0%	2,6%	3,9%	3,1%	3,8%	6
Umsjónaraðili utan fjölskyldunnar	0,0%	0,0%	3,3%	0,6%	0,6%	1
Vinur/kunningi	60,2%	53,4%	34,4%	44,4%	49,7%	78
Vinnuveitandi	0,0%	3,4%	2,8%	0,0%	0,0%	0
Samstarfsmaður	0,0%	0,9%	2,8%	1,3%	3,8%	6
Ókunnugur	28,3%	27,6%	24,0%	31,3%	23,6%	37
Annar/önnur	0,9%	0,9%	1,1%	1,9%	3,8%	6
Fagaðili	---	---	---	---	0,0%	0
Óvíst	---	---	1,1%	1,3%	0,0%	0
<b>Fjöldi</b>	<b>113</b>	<b>116</b>	<b>180</b>	<b>160</b>	<b>157</b>	

\*Flokkurinn „faðir/stjúpfaðir“ er ekki alveg sambærilegur milli ára þar sem ekki var sérstaklega spurt um stjúpfeður árin 2006 og 2007. Því geta sumir stjúpfeður þau ár fallið í flokkinn „faðir/stjúpfaðir“ en aðrir stjúpfeður í flokkinn „giftur inn í fjölskylduna“, allt eftir skilgreiningu og túlkun viðkomandi notanda.



Í töflum 19a) og 19b) eru tengsl ofbeldismanna við einstaklingana borin saman eftir birtingarmynd ofbeldis og árum. Taflan um sífjaspell sýnir að frændur, feður og fjölskylduvinir eru líklegastir til þess að beita börn kynferðisofbeldi, miðað við árið 2008.

Þeir sem eru líklegastir til þess að nauðga eru makar, vinir/kunningjar og ókunnugir.

## Tafla 20)


### Hefur brotþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	299	78,7%
Já	57	15,0%
Óvíst	14	3,7%
Uppl. Vantar	10	2,6%
<b>Alls</b>	<b>380</b>	<b>100%</b>

Þessi tafla sýnir að mjög fáir hafa rætt ofbeldið við ofbeldismanninn eða 15%.

## Mynd 16)

### Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotþola?



Myndin hér að ofan á við um allar birtingarmyndir ofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (380) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði.

## Tafla 21)

### Samanburður milli nauðgana og sífjaspella

	Sífjaspell	Nauðgun
Gerði ekkert sérstakt	40,0%	41,4%
Gaf gjafir/mútaði	18,0%	3,3%
Kenndi mér um ofbeldið	8,0%	17,1%
Notaði hótanir	28,0%	28,3%
Með líkamlegu ofbeldi	4,0%	8,6%
Annað	7,3%	1,3%
Ekki viss	14,0%	13%

Ef skoðað er sérstaklega hvernig þessum þætti er háttað í nauðgunar- og sífjaspellsmálum kemur í ljós að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotþola. Þar ber sérstaklega að nefna að 18% þeirra sem beita sífjaspellum nota gjafir eða múta brotþolum en eingöngu 3,3% þeirra sem nauðga. Hins vegar eru rúmlega 17% þeirra sem nauðga sem kenna brotþolum um ofbeldið en 8% þeirra sem beita sífjaspellum.

Fjöldi ofbeldismanna sem beittu sífjaspellum voru alls 156 og fjöldi ofbeldismanna sem nauðguðu voru

alls 158. Það eru fleiri en koma fram í mynd um ástæður þess að leitað var til Stígamóta. Munurinn skýrist á því að þegar merkt er við ástæðu þess að leita til Stígamóta er miðað við spurningalista um brotþola og á bak við til dæmis eina nauðgun þar, getur verið um fleiri en einn ofbeldismann að ræða.

**Tafla 22)**  
**Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotþola**

Fjöldi ofbeldismanna	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	154	65,25%
2 ofbeldismenn	42	17,80%
3 ofbeldismenn	18	7,63%
4 ofbeldismenn	8	3,39%
5 ofbeldismenn	4	1,69%
6 ofbeldismenn	5	2,12%
8 ofbeldismenn	1	0,42%
Upplýsingar vantar	4	1,69%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100</b>


Þessi tafla sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotþola ofbeldi. Eins og sjá má eru þó nokkur tilfelli þar sem um tvo ofbeldismenn er að ræða eða í um 18% tilfella. Þá kemur líka fram að það eru allt að 8 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili en stundum geta það verið aðskilin atvik og/eða tímabil sem um ræðir.

## Kærð mál

**Tafla 23)**  
**Kært til lögreglu?**

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	269	70,8%
Já	54	14,2%
Óvíst	3	0,8%
Uppl. Vantar	54	14,2%
<b>Alls</b>	<b>380</b>	<b>100%</b>

**Mynd 17)**



Af þeim málum sem til Stígamóta bárust vitum við að 14,2% komust til opinberra aðila og er það 1,3% hærra hlutfall en árið 2007. Þessi tala hefur verið breytileg á undanförmum árum en hefur þó hækkað síðustu þrjú ár. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treystir sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hefur ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum. Enn önnur skýring og e.t.v. algengari en marga grunar er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökkuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra. Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur árið 2006 að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta vegna nauðgana nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

Af töflum 24-27 má ráða hvernig málum, sem voru kærð til lögreglu, reiðir af í dómskerfinu. Það skal þó tekið fram að Stígamót hafa ekki alltaf aðstöðu til þess að fylgjast með gangi mála svo kærur og dómar gætu verið fleiri eftir að afskiptum Stígamóta lýkur.

**Tafla 24)**  
**Var ofbeldismaður ákærður?**

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	7	13,0%
Já	14	25,9%
Málið var fellt niður	22	40,7%
Málið er í vinnslu	5	9,3%
Ekki viss	6	11,1%
<b>Alls</b>	<b>54</b>	<b>100%</b>

**Tafla 25)**  
**Hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi?**

	Fjöldi	Hlutfall
Dómur ekki fallinn	3	21,43%
Skilorð	3	21,43%
Fangelsi	6	42,86%
Ekki viss	1	7,14%
Kæra dregin til baka	1	7,14%
<b>Alls</b>	<b>14</b>	<b>100</b>

**Tafla 26)**  
**Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?**

	Fjöldi	Hlutfall
Ekki vísað til hæstaréttar	3	30%
Dómur ekki fallinn	2	20%
Sýknaður	2	20%
Héraðsdómur hækkaður	1	10%
Ekki viss	1	10%
Kæra dregin til baka	1	10%
<b>Alls</b>	<b>10</b>	<b>100</b>

**Tafla 27)**  
**Afdrif þeirra mála sem Stígamótum bærust árið 2008**

	Fjöldi	Hlutfall*
Ofbeldismaður ekki ákærður	7	1,8%
Málið var fellt niður	22	5,8%
Málið er í vinnslu	5	1,3%
Dómur ekki fallinn	3	0,8%
Skilorð	3	0,8%
Fangelsi**	5	1,3%
Ekki viss	6	1,6%
Kæra dregin til baka	1	0,3%
Sýknaður	2	0,5%

Hafa verður í huga að Stígamót hafa litlar upplýsingar um það hvað verður um sakamálin eftir að þau eru kærð. En augljóst er af meðfylgjandi töflu að flest þau mál sem til umfjöllunar eru hjá Stígamótum eru ekki með í opinberum tölum um ofbeldi.

\*Hlutfall miðast við hlutfall að heildarfjölda ofbeldismanna (380).

\*\*Fangelsisdómar hér eru færri en fangelsisdómar í héraðsdómi þar sem einn fangelsisdómur varð sýknum í Hæstarétti.

## Fordómar og staðalímyndir

Í gegnum árin hafa ýmsar staðalímyndir og goðsagnir um kynferðisofbeldi verið áberandi í umræðunni. Sumar þessara goðsagna eru til þess fallnar að setja ábyrgðina á ofbeldinu á þá sem því eru beittir og draga úr ábyrgð ofbeldismanna. Það er hins vegar augljóst að það er alltaf einn ábyrgur aðili í kynferðisbrotum en það er sá sem því beitir. Þá hafa einnig komið fram ýmsir fordómar fram á undanförunum árum, meðal annars um þjóðerni ofbeldismanna og kynhneigð þeirra sem beittir eru ofbeldi.

Árið 2008 voru sett ný atriði inn í spurningalista notenda Stígamóta í þeim tilgangi að afla upplýsinga um þá þætti sem gætu snert einhverja af þessum fordómum og goðsögnum.

### Tafla 28)

#### Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis- eða annarra vímugjafa þegar ofbeldið var framið

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	147	38,7%
Já	97	25,5%
Stundum	55	14,5%
Óvíst	71	18,7%
Upplýsingar vantar	10	2,6%
<b>Alls</b>	<b>380</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má í töflu 28 er minni hluti ofbeldismanna undir áhrifum áfengis/vímuefna þegar ofbeldið var framið. Tæplega 39% þeirra voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og tæplega 14,5% voru það stundum og stundum ekki.

### Tafla 29)

#### Samanburður á því hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið, flokkað eftir sifjaspellum annars vegar og nauðgunum hins vegar.

	Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	86	57,0%	35	22,4%
Já	13	8,6%	67	42,9%
Stundum	30	19,9%	15	9,6%
Óvíst	22	14,6%	39	25,0%
<b>Alls</b>	<b>151</b>	<b>100%</b>	<b>156</b>	<b>100%</b>

Eins og taflan hér til hliðar sýnir voru tæplega 9% þeirra sem beittu sifjaspellum undir áhrifum vímugjafa og tæp 20% voru það stundum. Af þeim sem nauðguðu voru tæplega 43% undir áhrifum og tæplega 10% voru það stundum. Þetta grefur undan þeirri lífseigu goðsögn að menn sem beiti kynferðisofbeldi séu drykkfelldir og oftast undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa þegar þeir beita ofbeldinu.

### Tafla 30)

#### Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	321	84,5%
Frá Evrópu	26	6,8%
Utan Evrópu	10	2,6%
Blandað þjóðerni	1	0,3%
Uppl. Vantar	22	5,8%
<b>Alls</b>	<b>380</b>	<b>100,0%</b>

Undanfarin ár hefur sú umræða verið aukist að íslenskum konum stafi mest hætta af erlendum mönnum sem koma hingað til lands. Til að bregðast við þessari umræðu ákváðu Stígamót að kanna hvaða upplýsingar væri hægt að fá um þjóðerni ofbeldismanna. Eins og sést á meðfylgjandi mynd eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 84,5%. Eins og áður sagði eru innflytjendur um 8,1% mannfjöldans þannig að það er ljóst að ofbeldismenn af erlendum uppruna eru ekki hlutfallslega fleiri en íslenskir ofbeldismenn.

**Tafla 31)**  
**Hefur brotapolí beitt aðra kynferðisofbeldi?**

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	213	90,2%
Já	7	3,0%
Ekki viss	3	1,3%
Uppl. vantar	13	5,5%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100,0%</b>

Eitt af því sem hefur verið mjög lífseig goðsögn í gegnum tíðina er að þeir sem séu beittir kynferðisofbeldi, beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi.

Um 90% þeirra sem komu til Stígamóta árið 2008 höfðu ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Hins vegar er mikilvægt að muna að þetta er erfið spurning og án efa eru þar einhverjar skuggatölur. Þessar niðurstöður gefa þó einhverjar vísbendingar þó ekki sé

hægt að alhæfa út frá þeim.

**Tafla 32)**  
**Varstu undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna þegar ofbeldið framið?**

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	142	60,2%
Já	46	19,5%
Stundum	38	16,1%
Ekki viss	1	0,4%
Uppl. vantar	9	3,8%
<b>Alls</b>	<b>236</b>	<b>100%</b>

Enn ein goðsögnin um kynferðisofbeldi er að konur beri ábyrgð á nauðgun meðal annars með drykkju. Eins og sést á töflu 32) voru rúmlega 60% brotþola ekki undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið. Þegar sérstaklega eru skoðaðar nauðganir og áhrif vímuefna kemur í ljós að tæplega 40% voru ekki undir áhrifum, tæplega 35% voru undir áhrifum og um 25% voru stundum undir áhrifum og stundum ekki.

## Tölulegar upplýsingar um ofbeldismenn

Árið 2008 var heildarfjöldi ofbeldismanna 420 en það er tveimur fleiri en árið 2007. Það er verulegt áhyggjuefni hversu margir ofbeldismennirnir eru. Eins og fram hefur komið eru sumir þeirra mögulega taldir oftast en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja þessar upplýsingar á þeim 380 skýrslum sem fylltar voru út af brotapolum um ofbeldismennina sem beittu þá ofbeldi.

**Tafla 33)**  
**Aldur ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið**

	Fjöldi	Hlutfall
Undir 10 ára	3	0,8%
11 - 15 ára	38	10,0%
16 - 19 ára	45	11,8%
20 - 29 ára	107	28,2%
30 - 39 ára	83	21,8%
40 - 49 ára	37	9,7%
50 - 59 ára	18	4,7%
60 - 69 ára	9	2,4%
70 - 79 ára	1	0,3%
Ekki viss	17	4,5%
Merkt við fleiri en eitt atriði	3	0,8%
Upplýsingar vantar	19	5,0%
<b>Alls</b>	<b>380</b>	<b>100%</b>

Þessi tafla er örlítið breytt frá fyrri árum þar sem aldursflokkum í spurningalistum hefur verið breytt og því er 2008 ekki alveg sambærilegt við fyrri ár. Helsta breytingin er að flokkurinn 16-19 ára var áður 16-18 ára og 20-29 ára var 19-29 ára. Upplýsingar fyrri ára eru í eldri ársskýrslum.

Taflan sýnir þó að það er nokkuð algengt að ungir drengir beiti sér yngri börn kynferðislegu ofbeldi. Árið 2008 voru 86 ofbeldismenn 19 ára eða yngri eða 22,6%. Yfir 10% voru á grunnskólaaldri þegar þeir frömdu ofbeldið og er það mikið áhyggjuefni. Vert er að taka fram að hér er ekki um að ræða meinlausa „læknisleiki“ barna. Ofbeldið er ógnandi og meiðandi. Flestir eru ofbeldismennirnir annars á „besta“ aldri.

**Tafla 34)**  
**Kyn ofbeldismanna**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Karl	353	92,9%
Kona	14	3,7%
Uppl. vantar	13	3,4%
	<b>380</b>	<b>100%</b>

**Tafla 35)**  
**Menntun ofbeldismanna þegar ofbeldið var framið**

	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	
Innan við skólaaldur	---	---	0,3%	0,0%	0,0%	0
Lauk ekki grunnskóla	0,0%	0,0%	0,3%	1,7%	3,7%	14
Í grunnskóla	5,1%	10,0%	8,0%	11,5%	11,3%	43
Í framhaldsskóla	17,0%	14,0%	3,3%	6,2%	5,8%	22
Í háskóla	2,5%	0,3%	3,3%	1,0%	1,8%	7
Í iðnnámi	---	---	0,9%	1,0%	1,6%	6
Lokið grunnskóla	26,1%	18,7%	16,7%	15,1%	13,2%	50
Lokið framhaldsskóla	21,4%	15,1%	5,1%	7,9%	4,2%	16
Lokið háskóla	1,8%	4,7%	6,6%	6,0%	4,7%	18
Lokið iðnnámi	---	---	6,0%	4,3%	7,1%	27
Lokið öðru námi	4,3%	0,7%	---	0,0%	1,3%	5
Ekki viss	21,7%	36,5%	49,9%	42,4%	41,3%	157
Annað	---	---	---	1,0%	0,0%	0
<b>Fjöldi alls</b>	<b>276</b>	<b>299</b>	<b>335*</b>	<b>418*</b>	<b>365*</b>	

\* Árið 2006 vantaði upplýsingar um 30 ofbeldismenn, árin 2007 og 2008 vantaði upplýsingar um 15 og því er heildarfjöldi í töflunni lægri en fjöldi ofbeldismanna.

Tafla 35 um menntun ofbeldismanna sýnir að menntun þeirra er mismunandi þegar þeir beita kynferðisofbeldi en þó verður að geta þess að oft kemur menntun ofbeldismanna ekki fram í viðtölum og því er óvissuþátturinn stór.

**Tafla 36)**  
**Hjúskaparstaða ofbeldismanna þegar þeir beittu ofbeldinu**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Barn (á því ekki við)	35	9,2%
Einhleyp(ur)	87	22,9%
Í sambandi	18	4,7%
Í sambúð/hjúskap	119	31,3%
Fráskilin(n)/slitið sambúð	16	4,2%
Ekkja/ekkill	2	0,5%
Ekki viss	92	24,2%
Merkt við fleiri en eitt atriði	2	0,5%
Uppl. Vantar	9	2,4%
<b>Alls</b>	<b>380</b>	<b>100%</b>

Í töflunni er miðað við hjúskaparstöðu þegar ofbeldið var framið. Tæplega 41% þeirra voru eða höfðu verið í hjúskap eða sambúð þegar þeir beittu ofbeldinu.



**Tafla 37)**  
**Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Nei	11	2,9%
Já	82	21,6%
Óvíst	269	70,8%
Uppl. vantar	18	4,7%
<b>Alls</b>	<b>380</b>	<b>100%</b>

Eitt af því sem spurt er um í spurningalistum um ofbeldismennina er hvort brotþoli viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að tæplega 22% ofbeldismannanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Það er í samræmi við aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um að kynferðisbrotamenn séu líklegir til að beita fleiri en eina manneskju ofbeldi og oftar en einu sinni.

## Aðstandendur

Árið 2008 voru í fyrsta skiptið notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur sem leituðu aðstoðar hjá Stígamótum. Eins og fram hefur komið, er þetta gert í þeim tilgangi að fá betri mynd af þeim hópi notenda. Það hefur í gegnum árin verið aukning á því að aðstandendur nýti sér þjónustu Stígamóta og hafa þeir aldrei verið fleiri en á síðasta ári.

Það skal ítrekað hér að heildarfjöldi aðstandenda á árinu var 49 en útfylltir spurningalistar voru þó eingöngu 43. Því byggja allar niðurstöður í þessum kafla á þeim fjölda.

**Tafla 38)**  
**Er brotþoli sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Nei	20	46,5%
Já	22	51,2%
Uppl. vantar	1	2,3%
<b>Alls</b>	<b>43</b>	<b>100</b>

Í 20 tilfellum þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta höfðu brotþolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar. Fram til ársins 2006 fóru slík mál inn í talningu nýrra mála þar sem ekki voru sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur. Árið 2007 komu þessi mál ekki fram sem ný mál þar sem aðstandendur fylltu enga spurningalista út það ár en 2008 voru, eins og áður sagði, notaðir sérstakir spurningalistar fyrir aðstandendur.

**Tafla 39a/b)**  
**Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?**

### 39a)

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Brotþola	36	83,72%
Beggja	6	13,95%
Uppl. vantar	1	2,33%
<b>Alls</b>	<b>43</b>	<b>100</b>

### 39b)

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Foreldri	24	55,8%
Barn (afkomandi)	2	4,7%
Maki (sambýlisaðili)	9	20,9%
Systkini	3	7,0%
Vinur/vinkona	2	4,7%
Merkt við fleiri en eitt atriði	3	7,0%
<b>Alls</b>	<b>43</b>	<b>100%</b>

Flestir aðstandendur eru tengdir brotþola en nokkrir eru þó tengdir bæði brotþola og ofbeldismanni. Yfir helmingur aðstandenda voru foreldrar og þar á eftir komu makar.

**Tafla 40)**  
**Aldur aðstandenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Undir 18 ára	1	2,3%
18 - 29 ára	7	16,3%
30 - 39 ára	15	34,9%
40 - 49 ára	9	20,9%
50 - 59 ára	8	18,6%
60 ára eða eldri	3	7,0%
<b>Alls</b>	<b>43</b>	<b>100%</b>

**Tafla 41)**  
**Kyn aðstandenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Karl	12	27,9%
Kona	29	67,4%
Uppl. vantar	2	4,7%
<b>Alls</b>	<b>43</b>	<b>100%</b>

# Stigamót



**Hverfisgötu 115, 105 Reykjavík**

**Símar: 562 6868 og 800 6868**

**Þjónustusími fyrir konur í kynlífsiðnaði: 800 5353**

**Bréfsími: 562 6857**

**Netfang: [stigamot@stigamot.is](mailto:stigamot@stigamot.is)**

**Vefsíða: [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)**